

**Stuðningur við dönskukennslu
Danskt – íslenskt samstarfsverkefni
2003–2006.**

Úttekt

Birna María Svanbjörnsdóttir
María Steingrímsdóttir
Trausti Þorsteinsson



September 2006

**Stuðningur við dönskukennslu
Danskt – íslenskt samstarfsverkefni
2003–2006.**

Úttekt

Birna María Svanbjörnsdóttir
María Steingrímsdóttir
Trausti Þorsteinsson

September 2006

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Meginniðurstöður..... | 2 |
| 1 Inngangur | 3 |
| 2 Samstarfsverkefnið | 5 |
| 3 Gögn og aðferðir | 8 |
| 3.1 Fyrirliggjandi gögn | 8 |
| 3.2 Spurningalistar | 10 |
| 3.3 Viðtöl | 11 |
| 4 Niðurstöður | 14 |
| 4.1 Samstarfsnefndin..... | 14 |
| 4.1.1 Hlutverk samstarfsnefndarinnar | 14 |
| 4.1.2 Far-, aðstoðar- og sendikennarar og sveitarfélögin..... | 15 |
| 4.1.3 Styrkveitingar..... | 17 |
| 4.1.4 Endurnýjun samnings..... | 18 |
| 4.2 Farkennarar og aðstoðarkennarar..... | 20 |
| 4.3 Danskir sendikennarar í KHÍ | 24 |
| 4.4 Viðhorf móttökukennaranna | 26 |
| 4.4.1 Far- og aðstoðarkennarar | 26 |
| 4.4.2 Endurmenntunarnámskeið | 30 |
| 4.5 Umsjón KHÍ og sveitarfélaga/skólaskrifstofa..... | 31 |
| 4.6 Félag dönskukennara á Íslandi..... | 32 |
| 4.7 Samantekt..... | 33 |
| 5 Umræður | 36 |
| 5.1 Störf samstarfsnefndarinnar | 37 |
| 5.2 Starf far- og aðstoðarkennara..... | 39 |
| 5.3 Starf sendikennara..... | 42 |
| 5.4 Styrkir | 44 |
| 5.5 Samantekt..... | 46 |
| 6 Fylgiskjöl | 47 |

Meginniðurstöður

- Í meginatriðum hefur vel verið staðið að mörgum þáttum samstarfsverkefnisins. Almennt má segja að ánægja ríki með heimsóknir far- og aðstoðarkennara í skólana sem styrkingu við dönskunám nemenda.
- Störf far- og aðstoðarkennara skila nemendum að einhverju leyti aukinni færni í munnlegri dönsku en hafa síður haft áhrif á færni móttökukennaranna sjálfra eða kennsluhætti þeirra.
- Far-, aðstoðar- og sendikennarar segja kennsluhætti í íslenskum skólum einhæfa og gamaldags, dönskukennarar tali sjaldan dönsku í dönskutímum í grunnskólum og að nemendur í dönskukennaranámi séu ósjálfstæðir í vinnubrögðum.
- Einn megingalli samstarfsverkefnisins virðist sá að ekki liggur fyrir nógu skýr hugmyndafræði til grundvallar verkefninu. Skýr markmið koma ekki fram í samningi þjóðanna eða viðmið um árangur, en þess í stað eru tilgreindir aðgerðapættir sem stutt geta við dönskukennslu í íslenskum skólum og styrkt kennsluna.
- Hlutverk samstarfsnefndar er vítt skilgreint. Festa þarf betur í sessi hvernig verkefninu er stýrt t.d. með því að tilgreina nánar en gert er í gildandi samningi skipan samstarfsnefndar, hlutverk hennar og hver verkaskipting skuli vera milli nefndarmanna. Ástæða er til að ígrunda hvort fulltrúar Félags dönskukennara eigi fulltrúa í samstarfsnefnd.
- Skilgreina þarf nánar starfssvið fulltrúa samstarfsnefndar og aðskilja betur en gert er framkvæmdaþátt verkefnisins og stýringu þess og eftirlit.
- Mikil þörf er á endurmenntun dönskukennara í grunnskólum, bæði í að efla munnlega færni í tungumálinu en einnig í notkun fjölbreyttra kennsluhátta í dönskukennslu enda menntun þeirra í tungumálinu alla jafna minni en framhaldsskólakennara. Samstarfsverkefnið veitir verulegan stuðning til endurmenntunar dönskukennara og það skapar tækifæri til öflugs þróunar- og umbótastarfs í grunn- og framhaldsskólum landsins í dönskukennslu.
- Auka þarf kynningu á samstarfsverkefninu. Far- og aðstoðarkennarar kvarta undan því að móttökukennarar viti ekki hver markmiðin með samstarfi þeirra eru og haldi jafnvel að þeir séu afleysingakennarar. Ekki er komið á skuldbindingu milli far- og aðstoðarkennara og móttökukennara eða skóla.
- Að mati fulltrúa samstarfsnefndar er aðkoma sveitarfélaga veiki hlekkurinn í verkefninu. Athygli vekur hversu skólastjórum og forystuhlutverki þeirra í þróunarstarfi í skólum er lítill gaumur gefinn í samstarfsverkefninu.
- Skerpa þarf áherslur á þróunar- og umbótastarf verkefnisins. Lagt er til að breyta áherslum í þjónustu far-, aðstoðar- og sendikennara og skilgreina starf þeirra sem ráðgjafastarf við þróunar- og umbótastarf í dönskukennslu í íslenskum skólum. Á þann hátt yrði verkefnið hluti af þróunarverkefnum viðkomandi skóla sem jafnframt endurspegladist í endurmenntunaráætlun hans.

1 Inngangur

Þann 28. nóvember árið 2003 undirrituðu menntamálaráðherrar Danmerkur og Íslands samning sem var framhald af eldri samningu um danskt-íslenskt samstarfsverkfni um stuðning við dönskukennslu á Íslandi. Hinn nýi samningur var gerður til þriggja og hálfis árs, fyrir tímabilið janúar 2004 – júní 2007. Í samningnum er kveðið á um það að við lok samningstímans skuli lagt mat á framkvæmd samstarfsverkefnisins og til þess ráðnir utanaðkomandi aðilar.

Í ljósi þessa samnings fól íslenska menntamálaráðuneytið skólaþróunarsviði kennara-deildar Háskólans á Akureyri að annast þessa úttekt. Markmið hennar er að meta hvernig til hefur tekist um framkvæmd fyrrgreinds samnings og hver áhrif hans hafa verið á kennslu og nám í dönsku í grunn- og framhaldsskólum, svo og á kennaramenntun í dönsku. Úttektin nær til helstu þátta samningsins og er byggð á þeim gögnum sem fyrir liggja um samstarfsverkefnið, spurningalistum og viðtölum við helstu hagsmunaaðila. Var úttektin miðuð við framkvæmd samningsins skólaárin 2003–2004, 2004–2005 og 2005–2006.

Skýrsla þessi er niðurstaða úttektar skólaþróunarsviðs. Af hálfu sviðsins unnu Birna María Svanbjörnsdóttir, María Steingrímsdóttir og Trausti Þorsteinsson að úttektinni og önnuðust skýrsluskrif.

Í skýrslunni er gerð stuttlega grein fyrir samstarfsverkefninu og samningi þjóðanna tveggja um það. Greint er frá forgangsverkefnum sem valin eru í verkefninu og skipan samstarfsnefndar sem setur reglur um framkvæmd samstarfsverkefnisins og hefur eftirlit með því. Því næst er gerð grein fyrir gögnum og aðferðum sem úttektin er byggð á, fyrirlögn spurningalista og viðtalsrömmum. Í niðurstöðukafla er greint frá niðurstöðum úr viðtölum og spurningalistum og inn í þá greinargerð er blandað niðurstöðum úr rýni í rituð gögn. Í síðasta kafla skýrslunnar er fjallað um helstu niðurstöður, þess freistað að svara matsspurningunni sem sett var fyrir úttektinni og að lokum dregnar saman helstu niðurstöður.

Höfundar þessarar skýrslu vilja þakka þeim fjölmörgu sem lögðu þeim lið við gerð úttektarinnar. Viðtöl voru tekin við alla fulltrúa í samstarfsnefndinni, fulltrúa Félags dönskukennara á Íslandi, starfandi sendikennara, farkennara 2005–2006 og fulltrúa þeirra fræðsluskrifstofa sem höfðu haft danskan kennara á sínum vegum síðastliðið skólaár.

Brugðust allir ljúfmannlega við spurningum úttektaraðila. Spurningalistar voru sendir til far- og aðstoðarkennara 2003–2005 og móttökukennara 2005–2006. Öllum þessum aðilum eru færðar þakkir fyrir gott samstarf.

2 Samstarfsverkefnið

Gildandi samningur milli Danmerkur og Íslands um stuðning við dönskukennslu á Íslandi var undirritaður af menntamálaráðherrum beggja landanna í nóvember 2003 og gildir hann frá janúar 2004 til júní 2007. Samningurinn er framhald af hliðstæðum samningi frá 2001–2003 sem á sínum tíma var gerður í kjölfar fimm ára samstarfsverkefnis landanna um eflingu dönskukennslu og miðlun danskrar menningar á Íslandi á tímabilinu 1996–2000. Forsögu dansk–íslenska verkefnisins má rekja til miðs 10. áratugar en þá hófst umræða á Alþingi um dönskukennslu í grunn- og framhaldsskólum landsins. Þáverandi menntamálaráðherra fékk fyrirspurnir um hvort ekki væri kominn tími til að endurmeta stöðu dönskukennslunnar, hvort ekki mætti túlka það sem tímasóun að kenna tungumál sem svo mörgum reyndist erfitt að nota þegar á reyndi. Þáverandi sendiherra Dana á Íslandi, Klaus Otto Kappel, tók málið í sínar hendur og kom því á framfæri í Danmörku. Það varð til þess að Hans Engell þingmaður tók málið upp á danska þinginu og fékk því framengt að samþykkt var að veita fé til stuðnings dönskukennslu og miðlun danskrar menningar á Íslandi. Verkefnið hófst árið 1996 og var það alfarið kostað af danska ríkinu. Þá þegar var stofnað til samstarfsnefndar um verkefnið og á vegum sendiráðs Dana voru starfandi stuðningshópar um mismunandi þætti þess. Til að byrja með voru það Danir sem kostuðu alfarið verkefnið en með formlegum samningi árið 2000 var ákveðið að Íslendingar kæmu með mótframlag á móti Dönun til verkefnisins. Sá samningur gildi til ársins 2003 og var síðan endurnýjaður að miklu leyti óbreyttur til ársins 2007.

Í gildandi samningi um danskt-íslenskt samstarfsverkefni um stuðning við dönskukennslu á Íslandi er kveðið á um að verkefnið skuli fjármagnað af menntamálaráðuneytum beggja þjóðanna og nema árlegar rammafjárveitingar Dana til verkefnisins 2,2 milljónum danskra króna, eða um 24 milljónum íslenskra króna. Árlegar rammafjárveitingar Íslendinga til samstarfsverkefnisins nema 5,5 milljónum íslenskra króna.

Í samningnum eru eftirfarandi verkefni tilgreind sem „forgangsverkefni“ af hálfu Dana „og eru fjármögnuð með framlagi Dana til samstarfsverkefnisins“:

- Ráða danskan lektor eða annan sendikennara til starfa hjá KHÍ á hverju skólaári. Starf hans felst einkum í að sjá um málver fyrir kennaranema, þ.e. stuðla að færni þeirra í dönsku talmáli.
- Ráða tvo danska farkennara á hverju skólaári til starfa í íslenska grunnskóla. Landinu verður skipt í sex svæði sem kennararnir þjóna á þremur skólaárum. Farkennurum er ætlað að vinna með íslensku kennurunum og efla munnlega færni nemenda í dönsku og miðla eigin menningu en einnig að skipuleggja stutt námskeið fyrir kennara á þeim svæðum sem þeir starfa.
- Styrkur til að ráða einn aðstoðarkennara á hverju skólaári til starfa í 5–6 íslenskum framhaldsskólum. Honum er ætlað að vinna með íslensku kennurunum við að þjálfa nemendur í dönsku talmáli og miðla danskri menningu.
- Veita styrki til íslenskra nemenda í dönskunámi á háskólastigi til námsferða í Danmörku.
- Önnur verkefni tengd samstarfsverkefninu.

Eftirfarandi verkefni eru „forgangsverkefni af hálfu Íslendinga og fjármögnuð með framlagi Íslendinga til samstarfsverkefnisins“:

- Endurmenntunarnámskeið fyrir íslenska dönskukennara í grunn- og framhaldsskólum ýmist á Íslandi eða í Danmörku. Fyrirkomulag getur verið breytilegt eftir þörfum hópanna hverju sinni.
- Gerð nýs námsefnis fyrir bæði skólastigin.
- Rannsókn- og þróunarverkefni á sviði náms og kennslu í dönsku og til nýbreytnistarfa í dönskukennslu.
- Vitundarvakning um mikilvægi í kunnáttu í dönsku fyrir Íslendinga og áhuga á dönsku.

Í samningnum er gert ráð fyrir að á vegum samstarfsverkefnisins sé starfandi samstarfsnefnd sem í sitji fulltrúar frá íslenskum og dönskum stjórnvöldum. Nefndinni ber að hittast a.m.k. tvisvar á ári og setja reglur um framkvæmd samstarfsverkefnisins og hafi eftirlit með því. Hvergi kemur fram í samningi um fjölda fulltrúa í nefndinni né hlutverkaskiptingu. Í nefndinni sitja fimm fulltrúar, þeir eru:

Lasse Reimann, sendiherra Dana á Íslandi, formaður

Michael Dal, lektor við KHÍ, ritari nefndar

María Gunnlaugsdóttir, deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneyti Íslands
Steen Harbild, undervisningskonsulent í menntamálaráðuneyti Danmerkur.

Drífa Hjartardóttir, alþingismaður

Í gögnum sem úttektaraðilar fengu til skoðunar má lesa að þess sé vænst að samstarfsverkefnið stuðli að aukinni munnlegri færni nemenda í dönsku og veiti innsýn í danska menningu, að það setji dönskukennsluna í nútímalegt samhengi og geri hana áhugaverðari. Einnig er þess vænst að verkefnið auki færni íslenskra dönskukennara og dönskukennaranema í tungumálinu og veiti þeim tækifæri á samvinnu, sækja námskeið í Danmörku og að tala dönsku við innfædda Dani.

Menntamálaráðuneytið á Íslandi sér um að greiða fyrir umsjón með dvöl danskra farkennara til Íslands og hefur verið gert samkomulag við Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) um þá umsjón. Umsjónin felst m.a. í að veita farkennurum upplýsingar og ráðgjöf við komu þeirra hingað til lands, skipuleggja starf þeirra í samræmi við ráðningasamning og sjá um samskipti við sveitarfélögin sem fá kennarana til sín.

3 Gögn og aðferðir

Meginmarkmið úttektarinnar er að meta stöðu og árangur af samstarfsverkefni Dana og Íslendinga frá 2003–2006. Spurningin sem höfð var að leiðarljósi við úttektina var:

Hver er staða samstarfsverkefnis Dana og Íslendinga um stuðning við dönskukennslu á Íslandi og hvaða árangri hefur verkefnið skilað?

Lögð var áhersla á að skoða eftirfarandi þætti:

- Störf samstarfsnefndarinnar.
- Hlutverk og þátttöku sendiherra Dana í verkefninu.
- Skipulagningu og störf danskra farkennara í grunnskólum.
- Skipulagningu og störf danskra aðstoðarkennara í framhaldsskólum.
- Skipulagningu og störf danskra sendikennara í KHÍ.
- Umsjón KHÍ með starfi far- og aðstoðarkennara og tengsl við sveitarfélög.
- Viðhorf íslenskra dönskukennara, móttökukennara, sem fengið hafa til sín far- eða aðstoðarkennara.
- Styrkir, aðsókn og árangur.
- Styrkir til námsferða dönskunema á háskólastigi.
- Endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi kennara.

Til að fá sem skýrustu mynd af starfi samstarfsnefndar, far- og aðstoðarkennara, sendikennara og sveitarfélaga/skólaskrifstofa voru skoðuð fjölbreytileg fyrirliggjandi gögn en einnig aflað nýrra upplýsinga með spurningakönnunum og viðtölum.

3.1 Fyrirliggjandi gögn

Rýnt var í fyrirliggjandi gögn frá: samstarfsnefndinni, KHÍ, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, styrkhöfum og af heimasíðum dönskudeildar Kennaraháskóla Íslands og af heimasíðum menntamálaráðuneyta þjóðanna.

Eftirfarandi gögn liggja fyrir:

Auglýsingar um styrki vegna stuðnings við dönskukennslu. 2004–2006.

Ársskýrslur fráfarandi og fyrrverandi sendikennara við KHÍ:
Jensen, Kim Fristrup. Ársrapport 2004–05.

Jensen, Kim Fristrup. Ársrapport 2005–06.
Nørrelykke, Karen Lyng. Arbejdsrapport 2002–03.
Nørrelykke, Karen Lyng. Rapport over studieåret. 2003/04.

Árskýrslur fyrrverandi far- og aðstoðarkennara.

Andersen, Mette. 2006. Rapport over undervisningsforløbet på Fjölbrautaskóli Suderlands Selfoss og Fjölbrautaskólinn Gardabæ Janúar – maí 2006.
Brynhildur Anna Ragnarsdóttir. 2005. Dansk-islandsk samarbejdsprojekt om støtte til danskundervisningen i Island. Dansk rejselærer i Reykjavík skoleåret 2004–2005. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
Christensen, Anne Hyldal. [Án ártals] I löngu ferðalagi. En kronologisk beretning. 2004–2005.
Dal, Michael. [Án ártals] Den særlige islandsbevilling. Slutrapport .
Geertsen, Winnie. Rejselærerrapport 2003–2004.
Hansen, Lisbeth Thue. [Án ártals] Rejselærerrapport. “at rejse er at leve”. 2003–2004.
Steen, Birgitte Gehring. 2004. Rapport over et undervisningsforløb i den videregående skole i Island i skoleåret 2003–2004.
Trane, Tina. [Án ártals] Reykjavíkdage. Rejselærerrapport 2004–2005.

Fundargerðir samstarfsnefndar:

Beslutningsreferat af samarbejdsudvalgsmødet fredag den 30. april 2004.
Beslutningsreferat af samarbejdsudvalgsmødet fredag den 29. oktober 2004.
Beslutningsreferat af samarbejdsudvalgsmødet onsdag den 20. april 2005.
Beslutningsreferat af møde i det dansk–islandske samarbejdsudvalg fredag 11. november 2005.
Beslutningsreferat af møde i det dansk–islandske samarbejdsudvalg onsdag den 22. marts 2006.

Greinargerðir vegna styrkveitinga:

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir o.fl. 2004. Netdansk for unge. Vistað á vef Laugalækjarskóla. <http://laugarlaekjarskoli.ismennt.is/Tungumalaver>
Félag dönskukennara. Námskeið fyrir dönskukennara á landsbyggðinni. Hafdís Bára Kristmundsdóttir. 2004.
Heimasíður menntamálaráðuneytanna og dönsku í KHÍ.
Information om udsendt dansk lektor til læreruddannelsen på Islands pædagogiske universitet i Reykjavík i 2006–2007. Undervisningsministeriet.
Information om udsendt dansk rejselærer til danskundervisning i Island 2006–07. Undervisningsministeriet.

Matsskýrslur um endurmenntunarnámskeiðin í Schæffergården.

Félag dönskukennara. [Án ártals] Danskhed i nutid og fortid.
Kennaraháskóli Íslands. [Án ártals] Rapport vedrørende efteruddannelseskursus for islandske dansklærere. Muntlighed i dansk undervisning.

Matsskýrsla vegna námsferðar dönskukennaranema frá KHÍ í Danmörku:

Evaluering af kursus for danskstuderende ved Islands pædagogiske universitet. 2006.

Niðurstöður úr könnunum KHÍ til íslenskra dönskukennara sem hafa haft danskan kennara 2004–2005.

Samkomulag menntamálaráðuneytis við KHÍ vegna umsjónar dansks lektors og tveggja danskra farkennara og samskipti við sveitarfélög vegna þeirra.

Samningur. Dansk-íslenskt samstarfsverkefni um stuðning við dönskukennslu á Íslandi tímabilið 2001–2003.

Samningur. Dansk-íslenskt samstarfsverkefni um stuðning við dönskukennslu á Íslandi tímabilið 2004–2007.

Samningur við sveitarfélög vegna dansks farkennara.

Stuðningur við dönskukennslu á Íslandi, 2005. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið

Yfirlit yfir styrkveitingar.

Støtte til danskundervisningen 2004, cf. Avtale nr. 4.1–4.4.

Støtte til danskundervisningen 2005. Ansøgninger 1. runde. jvf. Samarbejdsaftalens punkt 4.1–4.4.

Støtte til danskundervisningen 2006. Ansøgninger 1. runde. jvf. Samarbejdsaftalens punkt 4.1–4.4.

3.2 Spurningalistar

Upplýsinga var aflað frá fyrrverandi far- og aðstoðarkennurum (sjá fylgiskjal 2) sem núna eru í Danmörku með spurningalistakönnun og eins frá þeim íslensku dönskukennurum í grunn- og framhaldsskólum landsins sem fengið höfðu til sín danskan far- eða aðstoðarkennara, hér eftir nefndir móttökukennarar, skólaárið 2005–2006 (sjá fylgiskjal 3). Aðstoðarkennarinn sem var á Íslandi vorönnina 2006 var farinn til Danmerkur áður en náðist í hann til að taka viðtal þannig að honum var sendur spurningalisti (sjá fylgiskjal 2).

Gerður var sameiginlegur spurningalisti fyrir farkennara og aðstoðarkennara og hann þýddur yfir á dönsku (sjá fylgiskjal 2). Allar spurningarnar nema ein voru raðkvarðaspurningar þar sem valmöguleikarnir voru fimm og stundum var beðið um nánari útskýringu eða rökstuðning á svarinu. Ein spurning var opin. Spurt var um markmið, undirbúning, skipulagningu, samvinnu og árangur af starfinu en einnig beðið um hugmyndir að nýjum leiðum eða breyttum áherslum í verkefninu til úrbóta Spurningalistinn var sendur til kennaranna, sex talsins, í tölvupósti, en þeir beðnir um að svara honum og senda hann til baka í pósti.

Annar spurningalisti var saminn fyrir móttökukennara, þ.e. íslensku dönskukennarana sem höfðu haft far- eða aðstoðarkennara hjá sér síðastliðið skólaár, alls 25 kennara. Allar spurningarnar nema ein voru raðkvarðaspurningar þar sem valmöguleikarnir voru yfirleitt fimm og stundum var beðið um nánari útskýringu á svarinu. Ein spurning var opin. Eins og í hinum spurningalistanum var hér einnig spurt um markmið, undirbúning, skipulagningu, samvinnu og árangur og beðið um hugmyndir að nýjum leiðum eða breyttum áherslum í verkefninu til úrbóta (sjá fylgiskjal 4). Kennararnir voru einnig spurðir hvort þeir hefðu sótt endurmenntunarnámskeið og þeir beðnir um að leggja mat á hvernig þau hefðu nýst þeim. Sendur var tölvupóstur til allra kennaranna og þeim sagt frá því að verið væri að gera úttekt á samstarfsverkefninu og að fyrirhugað væri að senda spurningalista til þeirra í pósti og þeir beðnir um að svara. Spurningalistinn var sendur í pósti til kennaranna í skólana þeirra og meðfylgjandi var frímerkt umslag sem kennararnir voru beðnir að senda til baka með útfylltum spurningalistanum innan ákveðins tíma. Ítrekun var send einu sinni til allra í tölvupósti. Þess var gætt að ekki væri hægt að rekja svörin.

Unnið var úr spurningalistunum í Excel forriti og áhersla lögð á lýsandi tölfræði í úrvinnslu. Öllum athugasemdum og hugmyndum frá svarendum var safnað saman og þær skráðar orðrétt.

3.3 Viðtöl

Eigindlegra gagna var aflað með einstaklingsviðtölum. Viðtöl voru tekin við alla fulltrúa samstarfsnefndarinnar, núverandi og fyrrverandi formenn Félags dönskukennara, sendikennara, farkennara og fulltrúa þeirra fræðsluskrifstofa sem höfðu haft danskan kennara á sínum vegum síðastliðið skólaár.

Viðtölin voru hálfstöðluð á þann hátt að viðtalsrammi var útbúinn fyrirfram þar sem áhersla var lögð á meginspurningar (sjá fylgiskjöl 5-9). Viðtalsrammarnir voru mismunandi eftir því við hvern var talað. Allir voru spurðir hvað þeim fyndist um verkefnið, hvort þeir héldu að það væri vel þekkt, hvaða árangur það hefði borið og hvernig það hefði verið metið og hvort þeir teldu að gera hefði mátt hluti á annan hátt til meiri árangurs.

Fulltrúar samstarfsnefndarinnar voru m.a. beðnir um að segja í stuttu máli hver aðdragandi samstarfsverkefnisins væri og hvernig verkefnið hefði þróast. Þeir voru spurðir hvort markmið samstarfsnefndarinnar væru skýr, hvernig verkaskiptingin væri innan nefndarinnar, hvernig styrkir hefðu nýst og hvernig upplýsingar skiluðu sér til skóla og kennara um far- og aðstoðarkennara. (sjá fylgiskjal 5). Viðtalið við danska sendiherrann var byggt á viðtalsramma samstarfsnefndarinnar enda er hann fulltrúi hennar. Hann hefur þó nokkra sérstöðu í nefndinni þar sem hann er fulltrúi úr utanríkisráðuneyti Dana og í gegnum tíðina hafa þrír sendiherrar Dana á Íslandi setið í nefndinni. Þess vegna voru áherslur svolítið aðrar í viðtalinu við hann en hina fulltrúa samstarfsnefndarinnar.

Í viðtalsramma fyrir farkennara var m.a. spurt hversu skýrar starfslýsingar þeirra væru og í hverju starf þeirra hefði verið fólgið, hvernig samvinnan við móttökukennara og sveitarfélög hefði gengið og hvernig undirbúningi að komu þeirra til Íslands hefði verið háttað. Einnig var spurt hvort þeir hefðu haldið námskeið eða fræðslufundi fyrir móttökukennarana og hvort samvinna milli þeirra og sendikennara ætti sér stað (sjá fylgiskjal 6).

Viðtal við sendikennara var með svipuðu sniði og við farkennara en að auki var spurt hvort hann kæmi eitthvað að endurmenntunarnámskeiðum og hvernig staðið væri að námsferðum dönskukennaranema til Danmerkur (sjá fylgiskjal 7).

Fulltrúar sveitarfélaga og skólaskrifstofa voru m.a. spurðir að því hvernig það hefði gengið fyrir sig þegar þeir fengu far- eða aðstoðarkennara til sín, hvernig verkefnið væri kynnt í þeirra umdæmi, hvort áhugi væri fyrir því og hvort það væri kostnaðarsamt (sjá fylgiskjal 8).

Tekin voru viðtöl við núverandi og fyrrverandi formenn Félags dönskukennarafélagsins vegna tengsla þeirra við dönskukennara og dönskukennslu í landinu. Þeir voru spurðir hvað þeir gætu sagt um endurmenntunarnámskeiðin, hvernig þau hafa verið skipulögð og kynnt (sjá fylgiskjal 9).

Þar sem því var við komið voru viðtölin tekin augliti til auglitis og tekin upp með leyfi viðmælenda. Lengd þeirra var yfirleitt u.þ.b. ein klukkustund. Eftir viðtölin var megininnihald þeirra ritað með hliðsjón af upptöku en ekki skráð orðrétt nema til að vitna

beint í einhvern viðmælanda. Í nokkrum tilfellum voru viðtölin tekin í síma. Þau viðtöl voru ekki eins löng og voru svör við spurningunum skráð jafnóðum.

4 Niðurstöður

Í þessum kafla verður greint frá niðurstöðum úr viðtölum og spurningalistum. Inn í frásögnina verður blandað niðurstöðum úr rýni í rituð gögn. Í lokin verða dregnar saman helstu niðurstöður.

4.1 Samstarfsnefndin

Tekin voru viðtöl við alla fulltrúa í samstarfsnefndinni. Þess var vænst að viðtölin gæfu til kynna viðhorf allra á verkefninu, hversu mikilvægt það væri, hversu vel þekkt, hvernig það væri metið og hvað mætti gera öðruvísi til aukins árangurs. Auk þess var leitað eftir upplýsingum um aðdraganda verkefnisins, þróun þess og hvernig störfum nefndarinnar væri háttað. Spurt var hvernig nefndin skipulegði og framkvæmdi hin mismunandi forgangsverkefni samstarfsverkefnisins.

4.1.1 Hlutverk samstarfsnefndarinnar

Við undirritun samnings um stuðning við dönskukennslu í íslenskum skólum árið 2000 var kveðið á um skipan samstarfsnefndar með fulltrúum beggja landanna. Í samningnum er hvorki skjalfestur fjöldi fulltrúa né hver verkaskipting skuli vera innan nefndarinnar. Samkvæmt viðtölum við fulltrúa í samstarfsnefndinni hefur skapast sú hefð að sendiherra Dana á Íslandi er formaður nefndarinnar. Ásamt honum skipa nefndina fulltrúi frá menntamálaráðuneytum landanna tveggja og þá hafa íslensk stjórnvöld haft þann hátt á að skipa alþingismann í nefndina. Fimmti fulltrúinn er starfsmaður í sendiráði Dana og hefur annast fundarritun nefndarinnar. Hann er jafnframt lektor í dönsku við KHÍ og annast framkvæmd á samkomulagi sem gert hefur verið við KHÍ um framkvæmd tiltekinna þátta í verkefninu.

Nefndin hittist tvisvar á ári. Hlutverk hennar er samkvæmt samningi að setja reglur um framkvæmd samstarfsverkefnisins og hafa eftirlit með því. Hún hefur gert drög að þeim samningum sem liggja fyrir um samstarfsverkefnið og fylgir forgangsverkefnum þess eftir með mismunandi hætti og tekur ákvarðanir um mál sem koma upp. Fulltrúi danska menntamálaráðuneytisins í samstarfsnefndinni og ritari hennar/fulltrúi KHÍ hefur

farið yfir umsóknir þeirra er sækja um störf far-, aðstoðar- og sendikennara á Íslandi sem danska menntamálaráðuneytið auglýsir en þær hafa verið allt að 70–80 hverju sinni. Þeir hafa einnig farið yfir ársskýrslur far-, aðstoðar- og sendikennara og lagt mat á hvort gera þyrfti breytingar á aðstöðu þeirra eða framkvæmd samstarfsverkefnisins. Við ráðningu kennaranna er tekið tillit til faglegrar kunnáttu og aðlögunarhæfni umsækjenda. Tvisvar á ári eru matsfundir með far-, aðstoðar- og sendikennurinum sem fulltrúi danska menntamálaráðuneytisins í nefndinni og ritari hennar sitja.

Íslenska menntamálaráðuneytið sér um að auglýsa styrki til stuðnings dönskukennslu á Íslandi sem íslenska ríkið greiðir. Samstarfsnefningin metur umsóknirnar, velur úr þeim og sér um styrkveitingar.

Á fundum samstarfsnefndar er farið yfir þau mál sem mismunandi aðilar innan nefndarinnar hafa unnið og hvað hefur verið gert þannig að allir séu upplýstir um framvindu verkefnisins og stöðu þess.

Í viðtali við danska sendiherrann kom fram að honum finnst verkefnið áhugavert og hefur að eigin frumkvæði boðist til að heimsækja skóla hér á landi, halda uppi samræðum við nemendur og styrkja kennara í starfi þeirra. Hann hefur verið í sambandi við formenn Félags dönskukennara og boðið dönskukennurum upp á kaffi og samræður í sendiráðinu og setið kaffihúsafund með þeim. Hann bendir á að ef skólar eða einstakir kennarar og bæjarfélög vilja nýta sér boð hans um samstarf sé það þeirra að hafa samband og óska eftir komu hans. Hingað til hefur hann heimsótt nokkra skóla á höfuðborgarsvæðinu og lýsir sig reiðubúinn að fara í skóla á landsbyggðinni sé þess óskað.

4.1.2 Far-, aðstoðar- og sendikennarar og sveitarfélögin

Í viðtölum við nefndarmenn og í fundargerðum kemur fram að grunnsjónarmið verkefnisins sé að far- og aðstoðarkennarar fari sem víðast og bjóðist sem flestum, í stórum skólum jafnt sem fámönnum og í þéttbýli jafnt og dreifbýli. Landinu hefur verið skipt í nokkur svæði og býðst hverju svæði að fá til sín farkennara afmarkað tímabil, 4–6 vikur í senn.

Íslenska menntamálaráðuneytið hefur gert samkomulag við KHÍ um að hafa umsjón m.a með dvöl farkennara á Íslandi. Í samkomulaginu felst einnig umsjón með

ráðningu aðstoðarkennara og skipulagning á því í hvaða framhaldsskólum hann á að starfa hverju sinni. KHÍ sendir upplýsingar til sveitarfélaga/skólaskrifstofa, skólastjórnenda og kennara um að þeim bjóðist að fá til sín farkennara og gerir auk þess samning við þau sveitarfélög sem ætla að taka við farkennara. Auk þess var nýlega útbúinn gátlisti fyrir sveitarfélögin þar sem kemur fram hvað þeim ber að gera þegar þau hafa farkennara á sínum snærum. Þrátt fyrir þetta bentu allir nefndarmennirnir á að það vantaði upp á að mörg sveitarfélög tækju ábyrgð og uppfylltu þær skyldur sem þau undirgangast með samningi sínum við KHÍ. Reynt hefur verið að tilkynna sveitarfélögum um komu þeirra með góðum fyrirvara eða áður en fjárhagsáætlun er gerð svo hægt sé að taka mið af því við áætlanagerð skólans. Svörun frá þeim eða skólastofnunum þeirra um áhuga er hins vegar oft dræm. Að mati nefndarmanna hefur töluvert borið á skorti á flæði upplýsinga um verkefnið milli sveitarfélaga eða skólaskrifstofa þeirra og skólastjórnenda annars vegar og skólastjórnenda og kennara hins vegar og tilgangur og markmið verkefnisins virðast ekki alltaf komast til skila. Gert er ráð fyrir að skólastjórar láti vita um áhuga sinn og móttökukennara ef þeir hafa áhuga á að fá farkennara til sín en dæmi eru um það að skólaskrifstofur ákveði hvaða skólar og kennarar eigi að taka þátt. Umræða hefur verið um að veita ætti öllum aðgang til að sækja um far- og aðstoðarkennara þannig að þeir sem hafi áhuga geti sótt um en með því myndi skapast viss ójöfnuður.

Í samningi milli sveitarfélaga og KHÍ vegna starfa og dvalar dansks farkennara er ákvæði þess efnis að sveitarfélögin greiði fyrir húsnæði og síma fyrir farkennarana, u.þ.b. 60-100.000 kr. á mánuði en í litlum sveitarfélögum hafa skólarnir í vissum tilfellum sjálfir þurft að leggja út kostnaðinn og það hefur einnig komið fyrir að sveitarfélög hafa hafnað þátttöku í verkefninu vegna þessara fjárútláta. Ef lítil sveitarfélög eða einstakir skólar eiga í hlut geta þessi útgjöld staðið í vegi fyrir því að óskað sé eftir farkennara. Fram kom í viðtölum við fulltrúa í samstarfsnefndinni áhyggjur af þessu og veltu m.a. fyrir sér hvort þeir skólar og sveitarfélög sem telja sig ekki geta lagt út umrædda fjárhæð hefðu kost á að sækja um styrk í jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Í viðtölum við fulltrúa í samstarfsnefndinni kom fram að þeir voru almennt sammála um að það komi betur út að farkennararnir séu á sama stað í lengri tíma, fjórar til sex vikur, en þó geti það verið erfitt í mjög litlum skólum. Þar getur hentað betur að koma á einhverskonar þemavinnu þar sem danskan fléttast inn í allt annað.

Fulltrúar samstarfsnefndar greindu frá því að erfiðlega hefði gengið að manna stöður aðstoðarkennara, umsóknir hefðu verið fáar. Þess vegna var sami aðstoðarkennarinn ráðinn til starfa þrjú ár í röð og haustönnina 2005 fékkst enginn kennari. Frá janúar til maí 2006 var hér aðstoðarkennari eftir að staðan var auglýst í Danmörku.

Í viðtölum við fulltrúa í samstarfsnefnd kom fram að áður en far-, aðstoðar- og sendikennararnir koma til starfa á Íslandi fá þeir bók um íslenska skólakerfið og ítarlegar upplýsingar um starfið og markmið þess og þeim bent á ýmsar netslóðir þar sem finna má meiri upplýsingar. Kennararnir fá ekki námskeið í íslensku enda er meiningin með starfi þeirra hér að þeir tali dönsku á Íslandi. Það er viss menningarmunur milli Íslands og Danmerkur. Að mati nefndarmanna virðast kennarar á Íslandi undirbúa sig seinna en danskir kennarar, t.d. gera íslenskir kennarar yfirleitt námsáætlanir fyrir komandi skólaár að hausti meðan danskir kennarar gera þær vorið áður. Þetta getur dönsku kennurunum þótt óþægilegt.

4.1.3 Styrkveitingar

Íslenska ríkið leggur árlega til verkefnisins fimm og hálf milljón íslenskra króna. Ráðgert er að þessi upphæð fjármagni styrki til endurmenntunarnámskeiða, til námsefnisgerðar í dönsku fyrir grunn- og framhaldsskóla, rannsóknar- og þróunarverkefni og verkefna sem stuðla að vitundarvakningu um mikilvægi dönskukunnáttu á Íslandi. Þetta er breyting frá fyrri samningi, hlutverk styrkjanna hefur víkkað. Upphaflega miðuðust styrkirnir einungis við námsefnisgerð og endurmenntun. Íslensku viðmælendurnir í samstarfsnefndinni sögðu að lögð hefði verið áhersla á að námsefnisstyrkirnir væru veittir til einhvers sem ekki hefði annars verið gert. Þeir ættu að fjármagna nýjung eða sérstöðu, eitthvað til viðbótar og að sögn eins fulltrúa í samstarfsnefndinni ættu þeir að tengjast ákveðinni stofnun eða fyrirtæki, ekki einstaklingum. Samkvæmt yfirliti yfir styrkveitingar hafa þó nokkrir einstaklingar fengið úthlutun. Þeir sögðu einnig að mikilvægt væri að styrkur væri veittur til verkefnis sem allir hefðu aðgang að og að rannsóknarverkefni nýttust sem flestum. Það hefur komið í hlut íslenska menntamálaráðuneytisins að auglýsa styrkina og stóð samstarfsnefndin að gerð bæklinga um verkefnið í heild. Var honum dreift í alla skóla og þess óskað að bæklingurinn bærist til allra dönskukennara viðkomandi skóla.

Að sögn fulltrúa í samstarfsnefnd hafa umsóknir komið inn til samstarfsnefndar um styrki til framkvæmdar á mörgum góðum hugmyndum og á tíðum fleiri sem ekki teljast fullnægjandi að mati nefndarinnar. Misvel hefur gengið að ráðstafa þeirri heildarfjárveitingu sem til styrkja er varið. Fram kom í viðtölum við nefndarmenn það álit að vandasamt væri að semja námsefni og tiltölulega fáir hefðu það á valdi sínu.

Það hefur verið hlutverk íslenska menntamálaráðuneytisins að fylgjast með framkvæmd verkefnanna með hliðsjón af greinargerðum styrkþega og greiða út styrkina í samræmi við það. Margir skólar sem styrk hljóta segja frá verkefnum sínum á heimsíðum (t.d. Laugalækjarskóli) og veita aðgang að þeim þar. Tiltölulega lítil kynning er á verkefnum og þau mættu vera sýnilegri að mati nefndarmanna.

Stór hluti af því fjármagni sem varið er til styrkja fer í endurmenntunarnámskeið. Þau eru haldin á hverju ári í Schæffergården í Danmörku. Félag dönskukennara fær styrk fyrir námskeið annað hvert ár fyrir framhaldsskólakennara og Símenntunarstofnun KHÍ annað hvert ár fyrir grunnskólakennara. Grunnskólakennarar eru umtalsvert fleiri en framhaldsskólakennarar og í þeirra hópi komast færri að en vilja en yfirleitt komast allir framhaldsskólakennarar að sem vilja. Námskeiðin eru vel nýtt og mikil ánægja með þau að mati samstarfsnefndar en það kemur einnig fram í greinargerðum frá stofnunum og í svörum móttökukennara 2005–2006 við spurningalistum.

Danska ríkið styrkir alla nemendur í KHÍ og HÍ sem leggja stund á dönsku sem val- eða faggrein til að sækja námskeið til Danmerkur einu sinni á námstímanum. Almennt virtist mikil ánægja með þennan þátt að mati fulltrúa samstarfsnefndar en það kemur einnig fram í viðtali sendikennara árin 2004–2006 og í greinargerð um mat á námskeiði 2006 og fundargerðum.

4.1.4 Endurnýjun samnings

Misjafnar skoðanir eru innan samstarfsnefndarinnar um það hversu vel kynnt samstarfsverkefnið er. Tveir fulltrúanna eru fullvissir um að það sé vel kynnt bæði hér og í Danmörku en aðrir eru ekki eins vissir um að það sé almennt kynnt þó svo sé innan ákveðins geira. Öllum finnst verkefnið mikilvægt og árangurinn af því mismikill eftir forgangsverkefnum en árangurinn er metinn með spurningakönnunum til móttökukennara, ársskýrslum og matsfundum með far-, aðstoðar- og sendikennurum og greinargerðum styrkþega auk huglægs mats.

Í fundargerð samstarfsnefndar frá 22. mars 2006 kemur fram að gerður verði þriðji samningurinn milli ríkjanna. Gert er ráð fyrir að hann verði með svipuðu sniði og þeir fyrri, þó hugsanlega með smávægilegum áherslubreytingum. Í fundargerðinni eru einkum nefnd fjögur atriði, þ.e. að leggja áherslu á árangurinn af starfinu, skoða stöðu aðstoðarkennara til samanburðar við farkennara, hvernig eigi að bregðast við fáum fullnægjandi umsóknum um styrki til námsefnisgerðar og möguleikann á að lengja ráðningarsamninga.

Mat fulltrúa í samstarfsnefnd á verkefninu er að það sé mikilvægt fyrir dönskukennslu í landinu og hafi gefið góða raun. Þetta viðhorf nefndarmanna er staðfest í fundargerð nefndarinnar en þar er áréttað að starfið hafi yfirleitt borið betri árangur þegar færni móttökukennara í dönsku var góð. Þegar vel hefur tekist til og allur skólinn tekið þátt í samstarfsverkefninu hefur starf far- og aðstoðarkennara í skólum landsins ekki bara haft áhrif á dönskukennslu heldur hefur það einnig miðlað danskri skólamenningu til skólanna. Mesta ánægja virtist vera með starf farkennara og sendikennara og sagði einn viðmælenda að farkennararnir væru eins og vítamínsprauta inn í dönskukennsluna í grunnskólunum og sendikennarinn mikil lyftistöng fyrir KHÍ. Þetta hefði upp til hópa verið duglegt og frambærilegt fólk. Ábendingar frá tveimur viðmælendum voru á þá leið að hugsanlega ættu farkennararnir að leggja meiri áherslu á talþjálfun hjá kennurum en nemendum. Einnig var bent á að það myndi auðvelda mikið ef Íslendingar skipulegðu skólastarfið með lengri fyrirvara en nú er gert.

Fulltrúar í samstarfsnefndinni lýstu áhyggjum sínum af því hversu erfiðlega hefur gengið að manna stöðu aðstoðarkennara og er bent á að með nýjum samningi þyrfti að formgera betur hvernig aðstoðarkennari ætti að nýtast og auglýsa stöðu hans í Danmörku.

Allir fulltrúar samstarfsnefndarinnar virtust sammála um að veiki hlekkurinn í verkefninu væri aðkoma sveitarfélaganna, það þyrfti með einhverju móti að bæta hana og gera sveitarfélögum ljósar skyldur sínar og ávinning af verkefninu og mikilvægi þess að koma upplýsingum áleiðis til skólastjórnenda og kennara og að samvinna ríkti milli þeirra. Ólík sjónarmið virðast vera milli aðila í samstarfsnefndinni í hvers verkahring þetta væri, KHÍ eða íslenska menntamálaráðuneytisins. Huga þyrfti að því bæta eða breyta kynningunni á verkefninu. Komið hefur upp sú umræða á fundum samstarfsnefndar að auglýsa komu farkennara í öllum sveitarfélögum landsins og gefa

þannig öllum tækifæri til að sækja um að fá samstarf við hann. Ætla mætti að með því fengjust áhugasamir aðilar en ekki hefur verið tekin ákvörðun um þetta.

Fulltrúar í samstarfsnefnd telja mikilvægt að allir styrkirnir sem boðið er upp á verði áfram í nýja samningnum en lýsa áhyggjum yfir fáum fullnægjandi umsóknum til námsefnisgerðar. Fulltrúar í samstarfsnefndinni bentu á að kynna þyrfti þennan þátt samstarfsverkefnisins betur og hugsanlega endurskoða reglur um styrkveitingar.

4.2 Farkennarar og aðstoðarkennarar

Stöður farkennara eru „dýrar“ stöður skv. upplýsingum fulltrúa samstarfsnefndar en farkennarar eru keyptir lausir úr sínum gömlu stöðum í eitt ár. Þeir halda öllum sínum starfsréttindum og geta svo gengið aftur inn í sitt starf í Danmörku þegar dvölinni á Íslandi lýkur. Samkvæmt samningi sem KHÍ gerir við þá sem taka á móti farkennara sjá sveitarfélögin, skólaskrifstofur þeirra eða skólarnir sjálfir þeim fyrir húsnæði, síma og í vissum tilvikum bíl.

Að sögn fulltrúa samstarfsnefndar er ráðning aðstoðarkennara með öðrum hætti en farkennara. Staða þeirra er auglýst á Íslandi og er gert ráð fyrir því að þeir séu búsettir á Íslandi. Skólarnir sem eru staðsettir á þeim stað sem aðstoðarkennararnir búa þurfa ekki að greiða húsnæði fyrir þá en þegar kennararnir fara í skóla fjarri heimili sínu þurfa skólarnir að sjá þeim fyrir húsnæði, t.d. herbergi á heimavist. Aðstoðarkennarar eru mun „ódyrari“ fyrir verkefnið en farkennarar og starfslýsingar þeirra eru ekki eins skýrar og starfslýsingar farkennara.

Á núverandi samningstímabili hafa starfað hér á landi sex farkennarar og tveir aðstoðarkennarar. Sendur var spurningalisti til fjögurra farkennara og beggja aðstoðarkennaranna (sjá fylgiskjal 2). Tekin voru viðtöl við fráfarandi farkennara með hliðsjón af viðtalsramma eins og fyrir segir (sjá fylgiskjal 6).

Fimm af sex fyrrverandi far- og aðstoðarkennurum, allt konur, sem fengu spurningalista svöruðu honum. Þar, og einnig í skýrslum þeirra, kemur fram að þeim líkaði vel að starfa á Íslandi og er samhljómur milli þess sem skrifað er í skýrslunum og svarað er í spurningalistunum. Í skýrslunum er mikið um hagnýtar upplýsingar fyrir nýja kennara og lýsingar á kennslunni sjálfri. Kennurunum fannst starfið áhugavert og

spennandi en að sama skapi ögrandi og svolítið einmanalegt. Einn segir: „Livet som rejselærer er dog ikke altid en fest.“

Í spurningalistunum kemur fram að þrír kennaranna töldu sig hafa verið mjög vel undirbúna undir vinnuna á Íslandi og jafn margir töldu starfslýsinguna fyrir vinnuna mjög eða frekar leiðbeinandi. Sami fjöldi áleit markmiðslýsingar á samstarfi þeirra og íslensku dönskukennaranna skýrar. Tveir töldu frekar eða mjög óljóst hvernig samvinnan við íslensku kennarana ætti að fara fram. Allir voru þeir þó sammála um að samstarfið við móttökukennara hefði verið mjög eða frekar markmiðsstýrt og gengið misvel, allt frá því að ganga mjög vel í það að ganga frekar eða mjög illa. Lítil og ómarkviss samvinna var við danska sendikennarann í KHÍ enda töldu far- og aðstoðarkennararnir sig ekki hafa átt að vinna með honum nema vegna námskeiða eða endurmenntunardaga sem haldnir voru fyrir íslensku kennarana.

Far- og aðstoðarkennarar höfðu upplifað töluvert óöryggi eða óvissu af hálfu íslensku kennaranna um hlutverk þeirra fyrrnefndu og ein skrifar m.a. í spurningalistann:

mange troede at jeg var beregnet til at undervise alene, en slags vikar.

Önnur segir:

Nogle skoler/kommuner var forberedte (og havde forberedt lærere) andre vidste intet – og misforstod (i mine øjne) projektets formål.

Sú þriðja segir:

De steder, hvor lærerne var forberedte på at jeg kom, der gik foreløbende rigtig godt. Modsat oplevede jeg også at, de islandske lærere troede, at jeg kom for at undervise deres elever alene, og at de kunne holde fri. Det er derfor meget vigtigt, at de islandske dansklærere, skal være forberedte på at det også i høj grad er dem, der skal yde og deltage. Det vidste sig ofte, at danskunderviserene var usikre på hvem jeg var, min funktion – om jeg skulle tjekke deres undervisning etc. Usikkerhed blandt dansklærere er i høj grad et generelt problem, som medfører, at eleverne ikke får et aktivt ordforråd. Eleverne er virkelig gode til at læse op på dansk samt oversætte til islandsk. Jeg tror på, at vores funktioner er medvirkende til, at dansklærere bliver mere frie i deres undervisning, som også skal være mere nutidigt.

Ein vekur athygli á því í skýrslu sinni

...hvor lavt informationsniveauet er 'ude i landet' når det handler om skolernes viden om formålet med en rejselærers tilstedsværelse.

Far- og aðstoðarkennarar höfðu misjafnar sögur að segja af samskiptum sínum við skólaskrifstofur og skólástjórnendur. Sums staðar höfðu samskiptin gengið mjög vel fyrir

sig en frekar illa annars staðar og allt þar á milli. Sumir höfðu varla hitt skólastjórnendur meðan aðrir upplifðu mikinn áhuga og virkni bæði frá hendi skólastjórnenda og skólaskrifstofa. Einn lýsir þessu á eftirfarandi hátt í spurningalista:

Jeg havde en rigtig god kontaktperson i ..., som virkelig planlagde og hjalp mig i planlægningen af mit arbejdsår... Skoleledernes kontakt var mere svingende. Nogle var nærmest usynlige, mens andre var aktive, interesserede og inviterende mig hjem på middag og oplevelser.

Flestir far- og aðstoðarkennararnir töldu starf þeirra hafa borið mestan árangur hjá móttökukennurum í að nota nýjar kennsluaðferðir í kennslunni, auka áhuga nemenda á dönsku og að auka munnlega færni nemenda í dönsku. Hins vegar töldu þeir að færni móttökukennara í dönsku hefði aukist mismikið enda ekki beint markmiðið með verkefninu. Það kom fram að far- og aðstoðakennurunum fannst móttökukennararnir vera mjög misfærir í danskri tungu samanber eftirfarandi tilvitnanir úr spurningalistunum:

Nogle talte slet ikke dansk selv, da jeg kom...

og

De islandske dansklærere er allerede dygtige til dansk.

Svo virðist sem dönskukennarar í framhaldsskólum standi betur að vígi eins og fram kemur síðar.

Í ársskýrslum frá farkennurum kemur greinilega fram að þeim finnst kennsluhættir í dönsku á Íslandi mjög einhæfir og gamaldags. Kennslan er sögð mikið námsbókastýrð, nemendur eru látnir lesa texta og vinna í vinnubækur, töluvert er um getuskipta hópa og kennarinn talar í fæstum tilfellum dönsku í tímum. Áberandi lítil áhersla er lögð á virkni, sjálfstæði og ábyrgð nemenda á náminu, ekki er umræða um textana sem lesnir eru, ekki umræða eða samræður almennt þar sem málið er notað og nemendum er ekki kennt að læra. Telja þeir þessa áherslu móttökukennara fengna frá samræmdum prófum en þar er ekki prófað í samræðum eða munnlegri færni.

Í samningi sem KHÍ gerir við þá sem taka á móti farkennara segir að farkennarar skuli í samvinnu við lektor dönskusviðs í KHÍ og skólaskrifstofu skipuleggja námskeið fyrir kennara í þeim sveitarfélögum sem þeir starfa. Þrír kennaranna sögðust í spurningalistanum hafa komið mjög eða frekar mikið að skipulagi þessara námskeiða og það hefði gengið vel en hinir lítið sem ekkert. Einn kennaranna sagðist hafa einn skipulagt slíkt námskeið. Fráfarandi farkennarar sögðust hafa haldið utan um námskeið í samvinnu við sendikennara og KHÍ.

Far- og aðstoðarkennarar voru spurðir hvort þeir teldu að þeir hefðu náð markmiðunum sem sett voru með starfinu og hvort það væri eitthvað sem þeir teldu að mætti bæta eða breyta í sambandi við samstarfsverkefnið til aukins árangurs. Allir svarendur og viðmælendur töldu að markmiðum hefði verið náð mjög eða frekar vel og það væri mikið þeim sjálfum að þakka, þeir væru fylgnir sér og ákveðnir. Yfirleitt hefðu móttökukennarar og nemendur verið ánægðir með að fá þá í skólana og þann möguleika að fá að tala dönsku í langan tíma samfellt.

Hvað varðar breytingar á fyrirkomulagi verkefnisins bentu fyrrverandi far- og aðstoðarkennarar í skýrslum sínum og í svörum sínum við spurningalistunum á nauðsyn þess að skipuleggja vinnuna með góðum fyrirvara í skólunum, að allar dagsetningar og tímalengd væri á hreinu áður en önnin byrjaði. Þeir sögðust hafa heyrt þessar óskir frá mörgum móttökukennurum. Það væri mikilvægt að skólar og kennarar vissu út á hvað verkefnið gengi, hefðu sett sig inn í það og væru vel undirbúnir. Einnig væri mikilvægt að huga að tímalengdinni sem danski kennarinn væri í skólunum. Betra væri að vera lengi á hverjum stað og kynnast vel, ná að byggja upp traust og setja sig inn í aðstæður. Með stuttum tíma á hverjum stað er meiri hætta á ábyrgðaleysi, bæði hjá farkennurum og móttökukennurum.

Þessar niðurstöður ríma vel við það sem kom fram í viðtölum við fráfarandi farkennara. Í viðtölunum við þá kom einnig fram að þeir hefðu gjarnan viljað að þeir hefðu lært aðeins íslensku áður en þeir komu til landsins. Það hefði auðveldað þeim ýmis samskipti en þeir lýstu ánægju sinni með undirbúningsfund á Schæffergården áður en þeir hófu störf á Íslandi. Einnig bentu þeir á að námskrár og kennsluáætlanir væru ekki aðgengilegar á dönsku í skólunum en það hefði valdið þeim erfiðleikum og væri eitthvað sem þyrfti að bæta. Þeir lögðu áherslu á mikilvægi þess að vera lengi á hverjum stað og að einungis væri farið til þeirra kennara sem hefðu áhuga. Aðspurðir hvort þeir héldu að samstarfsverkefnið væri almennt vel þekkt töldu þeir svo ekki vera, hvorki í Danmörku né á Íslandi og fannst greinilega að verkefnið þarfnaðist meiri kynningar en það væri gríðarlega þarft fyrir dönskukennslu á Íslandi.

Dönskukennslan í framhaldsskólum virðist vera á hærra plani en í grunnskólunum að mati aðstoðarkennara. Aðstoðarkennarinn sem starfaði á Íslandi í þrjú ár, 2002–2005, segir að dönskukennarar í framhaldsskólunum hafi í miklum mæli talað dönsku í

kennslunni og áætlað að hlutfall munnlegrar færni í kennslunni sé um 10–15% en það þurfi að aukast. Hann segir kennarana upp til hópa hafa verið ánægðar með að fá aðstoðarkennara til sín og litið á það sem gott tækifæri til að fá að tala dönsku í fjórar til sex vikur en slík tækifæri væru ekki svo mörg. Þeir hafi hins vegar óskað eftir því að fá að vita í byrjun annar hvenær þeir fengju aðstoðarkennara til sín. Aðstoðarkennarinn bendir á mikilvægi þess að samvinna eigi sér stað milli kennara, nemenda og aðstoðarkennara og telur mikilvægt að ráða fleiri aðstoðarkennara til starfa í framhaldsskólana. Nemendur hafa sýnt faginu mikinn áhuga og eftir nokkurra vikna þjálfun geta þeir gert sig skiljanlega á dönsku og haldið uppi samræðum. Aðstoðarkennarinn sem starfaði hér á landi frá janúar til maí 2006 er á sama máli og segjast báðir kennararnir hafa mætt jákvæðni og velvilja frá skólastjórnendum.

4.3 Danskir sendikennarar í KHÍ

Undanfarin fjögur ár hafa tveir kennarar gegnt stöðu sendikennara, tvö ár hvor, sá fyrri frá 2002–2004 og sá síðari frá 2004–2006. Báðir hafa þeir skilað greinargóðum ársskýrslum um starf sitt. Í viðtalsramma sem lagður var til grundvallar viðtali við þann sendikennara sem síðast starfaði hér á landi var m.a. spurt hvernig undirbúningi hefði verið háttað áður en hann tók til starfa á Íslandi, hversu vel þekkt hann teldi samstarfsverkefnið vera í Danmörku, hvort hann kæmi eitthvað að endurmenntunarnámskeiðum og hvernig staðið væri að námsferðum dönskukennaranema til Danmerkur (sjá fylgiskjal 7).

Í skýrslum sendikennaranna kemur fram að báðir voru þeir sammála um að starfið á Íslandi hefði verið mjög ánægjulegt og hefði skilað þeim miklu og að seinna árið hefði verið mun léttara vegna þess að þá voru þeir komnir inn í starfið og gátu einbeitt sér að þeim verkefnum sem lágu fyrir. Báðir kennararnir minntust á mikilvægi kynningarfundarins í Schæffergården áður en þeir hófu störf á Íslandi og sögðu að starfslýsingar og upplýsingar frá danska menntamálaráðuneytinu hefðu verið góðar og matsfundir með fulltrúum samstarfsnefndar á Íslandi tvisvar á ári hefðu einnig verið mikilvægir. Annað sem báðir kennararnir bentu á en voru óánægðir með var að námslýsingar og námsmarkmið námskeiða í KHÍ hefðu ekki verið til á dönsku og ekki

heldur Aðalnámskrá grunnskóla. Áður en sendikennari sem var hér frá 2004–2006 lauk störfum hafði hann í samvinnu við starfandi lektor KHÍ þýtt yfirmarkmiðin yfir á dönsku og hluta af námskeiðslýsingunum en fram kom í viðtalinu að honum fannst það ekki vera í hans verkahring að gera það. Annar kennarinn benti á að það hefði hjálpað sér mikið og hindrað vissa einangrun á kennarastofu ef hann hefði kunnað einhverja íslensku þegar hann kom hingað.

Sendikennararnir voru valdir úr hópi fjölda umsækjenda en stöðurnar voru auglýstar í kennarablöðum í Danmörku og á vef danska menntamálaráðuneytisins. Fráfarandi sendikennari var spurður að því hvort hann héldi að verkefnið væri vel þekkt í Danmörku. Hann, eins og farkennararnir, sagðist ekki álíta það. Það væri þekkt í afmörkuðum hópi fólks, s.s. hjá menntamálaráðuneytinu, en ekki meðal hins almenna kennara. Hann lagði áherslu á að það þyrfti að „selja“ verkefnið betur.

Meginmarkmiðið með starfi sendikennara við KHÍ er að efla munnlega færni og tjáningu verðandi dönskukennara í dönsku en eins og fráfarandi sendikennari segir orðrétt í fyrri ársskýrslu sinni:

Den gamle grammatik/oversættelses-metode hersker stadig tungt over fagtraditionen for fremmedsprogsundervisningen i Island, i særdeleshed i danskundervisningen.

Sendikennurum er ætlað að vinna að námskeiðahaldi fyrir starfandi dönskukennara í samvinnu við far- og aðstoðarkennara nokkrum sinnum yfir skólaárið. Að mati fráfarandi sendikennara voru þessi námskeið skilvirk og góð með einni undantekningu þó. Það var námskeið sem haldið var á Ísafirði í desember 2005. Enginn heimamanna virtist bera ábyrgð á námskeiðinu, hvorki var búið að koma fyrir tölvu né skjávarpa þegar dagskráin átti að byrja og einungis fimm þátttakendur voru á staðnum. Skipulagsleysi var ríkjandi og í huga fráfarandi sendikennara var námskeiðið bæði tíma- og peningasóun.

Báðir sendikennararnir kenndu í samvinnu við lektor dönskusviðs í KHÍ í upphafi starfsins og töldu það góða og skynsamlega byrjun en fráfarandi sendikennara fannst vanta gleggri almennar upplýsingar frá KHÍ um starfið. Hann hefði viljað að sendikennari og fastráðinn lektor skólans hefðu skipulagt í sameiningu framvindu námsins í skólanum.

Aðspurður sagðist fráfarandi sendikennari eiga erfitt með að meta mikilvægi samstarfsverkefnisins og árangur. Nemendur væru hins vegar ánægðir með þá miklu áherslu sem lögð væri á talað mál og tjáningu í náminu og einnig með námsferðirnar til Danmörku sem allir nemendur hafa möguleika á að fara í einu sinni á námstímanum.

Honum finnst íslenska dönskukennaranema þó vanta sjálfstæði og frumkvæði í námið og sagði að það þyrfti markvisst að efla þann þátt hjá þeim og hefði hann lagt mikla áherslu á það í starfi sínu sem sendikennari.

4.4 Viðhorf móttökukennaranna

Spurningalisti (sjá fylgiskjal 4) var sendur til allra kennara í grunn- og framhaldsskólum landsins sem höfðu haft danskan far- eða aðstoðarkennara hjá sér skólaárið 2005–2006, samtals 25 móttökukennara. Svör bárust frá 19 (76%) kennurum. Greint verður frá niðurstöðum spurningalistans en einnig verður sagt frá helstu niðurstöðum í könnun sem lektor í dönsku í KHÍ og ritari samstarfsnefndar gerði meðal íslenskra móttökukennara 2004–2005 og er að finna meðal gagna sem getið er í kafla 4.1. Þá verður sagt frá helstu niðurstöðum úr skýrslu Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur sem fékk farkennara til starfa í skólum borgarinnar 2004–2005.

4.4.1 Far- og aðstoðarkennarar

Kennararnir voru m.a. spurðir hvernig þeim hefði líkað að fá til sín far- eða aðstoðarkennara, hvort markmiðin með samstarfinu hefðu verið skýr, hvernig samvinnan hefði gengið og hverju hún hafði breytt í skólastarfinu, hvort þeir teldu einhvern ávinning hafa orðið af starfinu. Þar sem spurt var hvernig samvinnan við danska kennarann hefði gengið og hversu mikið munnleg færni nemenda hefði aukist við samvinnuna var gefinn kostur á að útskýra svarið nánar og segja hvernig það var metið. Í lokin voru kennarar spurðir hvort þeir hefðu hugmyndir um hvort haga mætti samstarfsverkefnum á annan veg til aukins árangurs.

Í töflum 1–3 hér að neðan má sjá yfirlit yfir svörum kennara við spurningunum. Nokkrar spurningar hafa aðeins verið stytta til að koma þeim í töfluna. Nákvæmt orðalag er að finna í spurningalista í fylgiskjali nr. 4. Tölurnar undir valmöguleikunum í töflunni tákna fjölda og (hlutfall). Alltaf nema í einu tilfelli svöruðu allir öllum spurningum.

Eins og sést í töflu 1 líkaði 15 (79%) kennurum mjög eða frekar vel að fá danskan kennara til sín og álíka margir sögðu samvinnuna hafa gengið mjög eða frekar vel og 5 (26%) hana hafa gengið sæmilega eða frekar illa.

Tafla 1: Afstaða móttökukennara til samvinnu við farkennara.

| Spurningar | Mjög vel | Frekar vel | Sæmilega | Frekar illa | Illá |
|--|-------------|------------|------------|-------------|-----------|
| Hvernig líkaði þér að fá til þín danskan kennara? | 12 (63%) | 3 (16%) | 3 (16%) | 0 | 1 (5%) |
| Hversu vel eða illa gekk samvinnan við danska kennarann? | 11 (58%) | 3 (16%) | 4 (21%) | 1 (5%) | 0 |

Sem dæmi um svör kennara sem sögðu að samvinnan hefði gengið mjög eða frekar vel eru:

Við náðum vel saman og vinnum á svipuðum nótum.

Þægileg kona með skýr markmið og vel heima í nýjustu stefnum.

Við töluðum saman og vorum búnað að undirbúa okkur.

Dæmi um svör frá þeim sem töldu samstarfið hafa gengið sæmilega eða frekar illa eru:

Kennarinn var með verkefni „að heiman“ sem hentuðu námshópnunum illa.

Hún var stjórnsmá, leiðinleg og lítillækkaði mig fyrir framan nemendum.

Hún kom inn í 7. bekk í september. Þau voru að byrja að læra dönsku. Kennarinn vildi bara tala dönsku. Ég átti að sjá um agamál og hún vildi 100% þögn í 80 mín. og það var oft erfitt að halda nemendum rólegum.

Rúmlega helmingur (58%) móttökukennara, eða 11 talsins, töldu markmiðin með samstarfinu vera mjög eða frekar skýr en 3 (14%) töldu þau frekar óskýr eða óskýr. Þá fannst 6 (32%) móttökukennurum þeir fá upplýsingar um komu danska kennarans seint eða bara skömmu áður en hann kom, 11(58%) fannst þeir fá hann nógu snemma og 2 (11%) fannst þeir fá hann mjög snemma.

Langflestir telja að samstarfið hafi haft einhver áhrif á færni nemenda í dönsku, einn (6%) telur þau frekar lítil og einn svaraði ekki spurningunni. Hins vegar telur meirihlutinn eða 11 (58%) að samstarfið hafi haft frekar lítil eða lítil sem engin áhrif á gerð nýs kennsluefnis (sjá töflu 2).

Tafla 2: Afstaða kennara til þess hvaða áhrif farkennarar höfðu á dönskufærni nemenda og námsefni.

| Spurningar | Mjög mikil | Frekar mikil | Aðeins | Frekar lítil | Lítill sem engin |
|--|-------------------|---------------------|---------------|---------------------|-------------------------|
| Hversu mikil eða lítil áhrif hafði samstarfið á færni nem. í dönsku? | 1 (6%) | 12 (67%) | 4 (22%) | 1 (6%) | 0 |
| Hversu mikil eða lítil áhrif hafði samstarfið á gerð nýs kennsluefnis? | 1 (5%) | 2 (11%) | 5 (26%) | 2 (11%) | 9 (47%) |

Í töflu 3 má sjá niðurstöður úr svörum móttökukennara við spurningum er vörðuðu áhrif samstarfs við farkennara á þeirra eigið starf og hvort samstarfið hafi skilað nemendum aukinni munnlegri færni í dönsku.

Tafla 2: Afstaða móttökukennra til þess hvaða breytingar urðu á eigin starfi eftir samstarf við farkennara.

| Spurningar | Mjög mikið | Frekar mikið | Aðeins | Frekar lítið | Lítið sem ekkert |
|---|-------------------|---------------------|---------------|---------------------|-------------------------|
| Hversu mikið eða lítið jókst færni þín í dönsku við samvinnuna? | 0 | 6 (32%) | 5 (26%) | 3 (16%) | 5 (26%) |
| Hversu mikið eða lítið jókst notkun nýrra kennsluaðf. við samv.? | 2 (11%) | 6 (32%) | 2 (11%) | 3 (16%) | 6 (32%) |
| Hversu mikið eða lítið tók farkennari þátt í að þróa dönskukennsluna? | 2 (11%) | 6 (32%) | 4 (21%) | 2 (11%) | 5 (26%) |
| Hversu mikið eða lítið studdi samstarfið við dönskukennsluna? | 4 (21%) | 5 (26%) | 6 (32%) | 1 (5%) | 3 (16%) |
| Hversu mikið eða lítið jókst munnleg færni nem. við samvinnuna? | 1 (5%) | 8 (42%) | 9 (47%) | 0 | 1 (5%) |

6 (32%) móttökukennarar telja samvinnuna við far- eða aðstoðarkennara hafa aukið færni þeirra í dönsku mjög eða frekar mikið og 5 (26%) segja að færni þeirra hafi aðeins aukist en 8 (42%) segja að færnin hafi lítið aukist. 8 (42%) móttökukennarar segja að notkun nýrra kennsluaðferða hafi aukist eftir samvinnu við farkennara en 9 (48%) þeirra telja samstarfið hafi lítil áhrif haft á kennsluaðferðirnar. 12 (64%) móttökukennurum finnst farkennari taka mikinn þátt í að þróa dönskukennsluna og 9 (79%) þeirra fannst samstarfið styðja mikið við dönskukennsluna, 6 (32%) sögðu aðeins en 4 (21%) sögðu ekkert. Allir móttökukennarar nema einn telja munnlega færni nemenda hafa aukist við samvinnuna. 9 (47%) segja að færni nemenda hafi aukist mikið og sami fjöldi segir að hún hafi aðeins aukist. Einn segir að samvinna við farkennarann hafi lítið sem ekkert aukið munnlega færni nemenda.

Ef litið er á árangur samstarfsins í heild telja 11 (58%) móttökukennarar hann mjög eða frekar mikinn en 3 (16%) finnst hann frekar lítill eða lítill sem enginn. Þeir höfðu notað ýmsar aðferðir til að meta ávinning nemenda af heimsókn leiðsögu kennara og má þar nefna, munnleg próf þar sem nemendur eru spurðir hvað þeir telja sig hafa lært, samræður kennara og nemenda og huglægt mat kennara.

Móttökukennararnir hafa ýmsar hugmyndir um hvernig haga mætti samstarfsverkefninu á annan hátt til aukins árangurs. Einkum virtust þeir vilja hafa far- og aðstoðarkennarana lengur hjá sér, fá lengri tíma til undirbúnings með þeim og nánari upplýsingar um markmiðið með vinnu þeirra. Eftirfarandi eru beinar tilvitnanir í svör íslensku kennaranna:

Hefði viljað hafa lengri tíma, bæði hvað varðar undirbúning og eins kennslu. Númer 1, 2 og 3 hafa kennarann lengur.

Lengri lotur, t.d. koma vera og fylgjast með og kynnast. Koma aftur. Nýtist verr þegar kennarinn kemur fyrst á haustin þegar skólafárið er að byrja og komast í gang-þyrfti þá að koma aftur.

Byrja vinnu Dananna á Íslandi með námskeiði/fundi. Vinna Dananna verði sýnilegri (hef haft 2) þeir útskýri fyrir samstarfskennurum hvað þeir séu að gera og hver markmiðin séu.

Eiginlega ekki. Vil mjög gjarnan fá danskan kennara aftur. Best væri að hægt væri að hafa þetta fastan hluta af kennslunni.

Farkennari kom rétt fyrir páska, þannig að kennslan var öll slitrótt- samræmd próf og fleira framundan sem truflaði. Betra hefði verið að fá farkennara á haustönn eða fljótlega eftir áramót. Farkennari var duglegur að benda á efni sem nýta má í kennslustundum.

Ég vil fá fleiri hagnýt verkefni. Ég vil að sendikennari gangi meira inn í dagskrá (kennsluáætlun) nemendahópsins. Gott væri að hitta hann löngu fyrr eða miklu fyrr en nú er.

Mér fannst þetta ganga mjög vel að því leyti að dönskukennarinn var mjög áhugasamur, kom með margar hugmyndir sem mig langar svo að vinna meira með. Efalaust hefði verið hægt að haga samstarfinu á annan hátt en þetta er í fyrsta sinn sem ég kenni dönsku og þ.a.l. fæ farkennara þannig að þetta var mjög fínt fyrir mig.

Meiri fyrirvari hefði gefið kost á annarri tilhögun og öðrum markmiðum.

Í könnun sem lektor í dönsku í KHÍ gerði meðal 32 móttökukennara 2004–2005 segjast 25 (83%) hafa fengið nægan tíma til undirbúnings með farkennara en 5 (17%) ekki hafa fengið það. Langflestir eða 27 (84%) sögðust alltaf eða oftast hafa unnið með farkennara við undirbúning að kennslustundum og við mat á þeim, og 28 (87%) alltaf eða oftast hafa unnið með farkennara í kennslustund. Meirihluti kennara eða milli 18 og 19 (58%) taldi farkennara hafa lagt mikla áherslu á munnlega færni og samtöl í kennslunni. Helmingi kennara fannst tíminn sem farandkennarinn var hjá þeim mátulega langur og jafn stóru hlutfalli fannst hann of stuttur. Alls 27 (87%) móttökukennurum fannst þeir hafa með samvinnunni fengið hugmyndir sem myndu nýtast þeim í dönskukennslu í framtíðinni.

Í skýrslu frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur um farkennara í Reykjavík skólaárið 2004–2005 eru skólastjórnendur, kennarar og nemendur beðnir að lýsa áhrifum og reynslu af komu dönsku kennaranna. Þar kemur fram að danski kennarinn hafði jákvæð áhrif bæði á íslenska kennara og nemendur og var mikil ánægja með störf hans Hann kynnti ýmis konar kennsluefni og hugmyndir sem kennarar töldu að myndu nýtast í kennslunni áfram. Nemendur sýndu dönskunáminu meiri áhuga en áður og 80% nemenda sem voru spurðir sögðust hafa náð framförum í að skilja dönskuna, 55% í að tala hana og 60% töldu að viðhorf þeirra til dönskunnar hefðu breyst með komu kennarans.

4.4.2 Endurmenntunarnámskeið

Í samstarfssamningi er kveðið á um endurmenntunarnámskeið. Þar segir að námskeiðin geti verið haldin bæði á Íslandi og í Danmörku og fyrirkomulag þeirra breytilegt og miðað við þarfir tiltekinna kennarahópa. Flest námskeiðin hafa verið haldin í Danmörku á Schæffergården. Í spurningalistanum (sjá fylgiskjal 4) til móttökukennara var spurt hvort þeir hefðu sótt endurmenntunarnámskeið á vegum samstarfsverkefnisins og sögðust 10 (53%) hafa gert það. Þeir kennarar sem sótt höfðu endurmenntunarnámskeið voru þá spurðir hversu mikið eða lítið námskeiðið hafi verið í tengslum við markmið aðalnámskrár og hversu mikið eða lítið það hafi nýst þeim í starfi. Samtals töldu 7 (70%) að það hefði verið mjög eða frekar mikið í tengslum við aðalnámskrá en 8 (80%) að það hefði nýst þeim mjög eða frekar mikið (sjá töflu 4).

Tafla 4: Afstaða móttökukennara til endurmenntunarnámskeiða.

| <i>Spurningar</i> | <i>Mjög mikið</i> | <i>Frekar mikið</i> | <i>Aðeins</i> | <i>Frekar lítið</i> | <i>Lítið sem ekkert</i> |
|--|-------------------|---------------------|---------------|---------------------|-------------------------|
| Hversu mikið eða lítið var námskeiðið í tengslum við markmið aðalnámskrár? | 2 (20%) | 5 (50%) | 2 (20%) | 0 | 1 (10%) |
| Hversu mikið eða lítið nýttist þér námskeiðið í starfi þínu? | 3 (30%) | 5 (50%) | 1 (10%) | 0 | 1 (19%) |

Af töflunni má ráða að kennarar telja almennt að endurmenntunarnámskeiðin sem haldin eru á vegum samstarfsverkefnisins taki mið af markmiðum aðalnámskrár og þau nýtist þeim vel í starfi.

4.5 Umsjón KHÍ og sveitarfélaga/skólaskrifstofa

Skólaárið 2005–2006 fengu fimm sveitarfélög eða skólaskrifstofur danska far- eða aðstoðarkennara til sín. Tekin voru símaviðtöl við fulltrúa allra þessara stofnana með stuðningi af viðtalsramma (sjá fylgiskjal 8).

Spurt var hvernig það hafði gengið fyrir sig þegar þeir fengu danska kennarann, hvort þeir hefðu sótt um það sjálfir eða fengið boð um það, hversu vel þekkt verkefnið væri og hvernig þeir hefðu komið að skipulagningu og móttöku kennaranna. Í öllum tilvikum hafði komið boð frá KHÍ, ýmist með bréfi eða símtali og kvörtuðu tveir yfir því að fyrirvarinn hefði verið stuttur. Tveir aðspurðra sögðust ekki hafa þekkt til verkefnisins nema af því að þeir höfðu áður tekið þátt í því og flestir virtust álíta að því væri þannig háttað víða að einungis þeir sem höfðu fengið danskan kennara áður þekktu til verkefnisins en að það væri ekki vel þekkt meðal kennara almennt þó að skólastjórnendur vissu um það. Bent var á mikilvægi þess að kynna verkefnið betur úti í skólasamfélaginu með einhverjum hætti. Tveir nefndu að hugsanlega mætti markvisst virkja skólaskrifstofurnar í kynningum en einn talaði um að dönsku kennararnir væru með of stórt umráðasvæði hverju sinni, betra væri að þeir ynnu með fleiri kennurum á afmarkaðra svæði í lengri tíma.

Hvað varðar verkefnalýsingu til sveitarfélaga og skólaskrifstofa töldu allir nema einn hana frekar eða mjög skýra en einn hefði viljað hafa hana ítarlegri. Stofnanirnar sáu einkum um hagnýt atriði eins og að útvega húsnæði, bíl og síma en einnig í samvinnu við skólastjórnendur að raða dönsku kennurunum niður á skólana. Í smærri sveitarfélögum voru þeir einnig í gestgjafahlutverki sem getur verið teygjanlegt og tímafrekt.

Kostnaður við að fá kennarana er ekki of mikill að mati viðmælenda en þegar boð um þátttöku kemur eftir að bóúið er að gera fjárhagsáætlun geta komið upp vandræði og því æskilegt að boðið komi fyrir.

Almennt sýndu kennarar og skólastjórnendur verkefninu mikinn áhuga að mati aðspurðra þó þeir gerðu sér grein fyrir auknu vinnuálagi og í öllum tilfellum nema einu voru þeir ánægðir með samstarfið við farkennaranna en þar var aðdragandinn ekki nógu góður og hvorki skólastjóri né kennarar voru nógu áhugasamir. Talið er að mikill ávinningur hafi hlotist af verkefninu þar sem allt gekk upp en hér er um huglægt mat að ræða því árangurinn var ekki metinn formlega.

Að lokum var spurt hvort halda ætti verkefninu áfram og ef svo væri hvort tillögur væru að breyttu fyrirkomulagi. Allir voru sammála um að halda skyldi verkefninu áfram og helstu þættir sem þyrfti að skoða varðandi breytt fyrirkomulag var að kynna verkefnið betur, hafa lengri aðdraganda á hverjum stað og hugsanlega að samstarfsnefndin gæti séð um að finna húsnæði þó að skólaskrifstofurnar borguðu það. Einnig voru hugleiðingar um lengd þess tíma sem dönsku kennararnir ættu að vera á hverjum stað og tveir minntust á mikilvægi þess að íslensku kennararnir hefðu val um það hvort þeir ynnu með dönskum kennara eða ekki og jafnvel væri vænlegast til árangurs að biðja áhugasama kennara að sækja um að fá til sín danskan kennara. Einn lýsti ánægju sinni yfir því að sami danski kennarinn væri á sama skólasvæði í hálf ár en áður hefði hann verið jafn lengi í öllu umdæminu en það hefði verið allt of sundurslitið.

4.6 Félag dönskukennara á Íslandi

Tekin voru viðtöl við núverandi og fyrrverandi formenn Félags dönskukennara en í því eru um 220 félagsmenn, dönskukennarar bæði úr grunn- og framhaldsskólum. Viðmælendurnir lýstu ánægju sinni yfir samstarfsverkefninu og töldu það mjög mikilvægt en jafnframt var bent á nokkur skipulagsatriði sem betur mættu fara.

Félag dönskukennara hefur sótt um og fengið styrki úr verkefninu vegna endurmenntunarnámskeiða og gerð veggspjalds í alla skóla til að auka veg dönskunnar. Ekki hefur verið um að ræða neitt samstarf milli félagsins og samstarfsnefndarinnar vegna verkefnisins nema við núverandi sendiherra sem hafði samband við félagið og kom

á kaffihúsafund hjá því. Ekkert hefði verið leitað til samstarfs við Félag dönskukennara og félagið hefur ekki sjálfkrafa fengið neinar upplýsingar um hvað væri í gangi á vegum samstarfsverkefnisins. Félagið hefur hins vegar sjálft leitað upplýsinga til KHÍ til að geta sett inn fréttir í fréttablað sitt. Dönskukennarafélagið hefur ekki fengið upplýsingar um hvernig málum er háttað með far- og sendikennara, á hvaða tímabilum þeir fara í hina mismunandi skóla en félagsmenn leita mikið til félagsins með fyrirspurnir um það.

Viðmælendurnir álitu kennara almennt upplýsta um að til boða stæði að fá far- og aðstoðarkennara á vegum samstarfsverkefnisins og mikil eftirspurn væri eftir þeim en almennt væri félagsmönnum ekki kunnugt um verkefnið í heild sinni og ekki um verkefnisstyrkina. Styrkina þyrfti að kynna félagsmönnum mun betur og væri Félag dönskukennara, kaffihúsafundur þess og fréttablað, kjörinn vettvangur fyrir slíkt. Mikið væri um hæfileikaríka félagsmenn sem væru vel til þess fallnir að búa til námsefni eða með öðrum hætti vekja til vitundar mikilvægi dönskukunnáttu fyrir Íslendinga og myndu eflaust sækja um styrkina ef þeir vissu af þeim og út á hvað þeir gengju, hver skilyrðin væru fyrir þeim og um hversu háar upphæðir væri að ræða.

Félag dönskukennara þarf meiri upplýsingar um verkefnið í heild sinni að mati viðmælenda, hvað er í gangi, hvað hefur verið gert, hvernig hefur gengið, s.s. pistla frá far- og aðstoðarkennurum og vera í beinum tengslum við samstarfsnefndina. Að mati fulltrúa Félags dönskukennara mætti jafnvel hugsa sér að félagið hefði fulltrúa í samstarfsnefndinni. Lögð var áhersla á að markaðssetja þyrfti verkefnið betur, kynna langtímaskipulag og bæta boðleiðir til kennara.

4.7 Samantekt

Fyrir liggur samningur um samstarfsverkefnið, starfslýsingar far- og sendikennara, samkomulag milli KHÍ og menntamálaráðuneytisins, samningur við sveitarfélög, auglýsingar og yfirlit yfir styrkveitingar, kannanir, fundargerðir, greinargerðir og skýrslur. Þessi gögn, auk spurningalista og viðtala sem náðu til samstarfsnefndar, farkennara, aðstoðarkennara, sendikennara, úrtaks móttökukennara og formanna Félags dönskukennara gefa miklar upplýsingar um samstarfsverkefnið. Misjafnar skoðanir eru á

Því hversu vel kynnt samstarfsverkefnið er en meirihlutinn virðist ekki telja það almennt þekkt þó það sé það innan afmarkaðs hóps.

Samstarfsnefndin er skipuð af fimm fulltrúum beggja landanna, ekki er skjalfest skipan nefndarinnar eða verkaskipting en ákveðið fyrirkomulag hefur þróast smám saman. Verkefni nefndarinnar er að halda utan um hina ýmsu þætti samningsins og hittist tvisvar á ári þar sem farið er yfir stöðu mála. Nefndarmenn voru ánægðir með flesta þætti verkefnisins en töldu þurfa að skoða nokkra þætti með úrbætur í huga við gerð nýs samnings s.s. árangur starfsins, skoða stöðu aðstoðarkennara til samanburðar við farkennara, viðbrögð við fáum fullnægjandi umsóknum um verkefnisstyrki og möguleikann á að lengja ráðningasamninga.

Forgangsverkefni samstarfsverkefnisins virðast hafa náð mismiklum hljómgrunni og vera misvel þekkt í skólasamfélaginu bæði á Íslandi og í Danmörku. Það forgangsverkefni að ráða danska kennara til starfa á Íslandi virðist einna best þekkt. Meginmarkmiðið með störfum þessara kennara er einkum að efla munnlega færni í dönsku hjá íslenskum nemendum á mismunandi skólastigum í samvinnu við kennarana á staðnum. Mikil eftirspurn hefur verið eftir þessum kennurum og 79% móttökukennara í grunn- og framhaldsskólum landsins skólaárið 2005–2006 líkaði mjög eða frekar vel að fá þá til sín og 58% töldu árangurinn af samstarfinu við þá hafa verið mjög eða frekar mikinn. Í 32% tilvika fannst móttökukennurum þeir fá upplýsingar um komu danska kennarans of seint og 26% fannst samstarfið við hann aðeins ganga sæmilega eða frekar illa. Móttökukennararnir bentu á að gott hefði verið að fá nánari upplýsingar um markmið verkefnisins, fá að vita af komu þeirra með lengri fyrirvara og að gott hefði verið að hafa kennarana hjá sér í lengri tíma.

Í könnun meðal móttökukennara 2003–2005 sögðust 87% hafa með samvinnunni við far- og aðstoðarkennara fengið hugmyndir sem myndu nýtast þeim í dönskukennslu framvegis. Í skýrslu frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur 2004–2006 kemur einnig fram ánægja hjá móttökukennurum með nýjar hugmyndir í kennslu sem hafa vaknað við samvinnuna við farkennara. Þar kemur einnig fram að áhugi nemenda hafi aukist við að fá danskan kennara í skólann og þeir hafi tekið framförum í dönsku.

Far-, -aðstoðar- og sendikennarar töldu sig hafa verið ágætlega undirbúna fyrir komuna til Íslands en nokkrir minntust á að það hefði verið gott að kunna einhverja

íslensku þegar þau komu til landsins. Kennurunum fannst dönskukennslan í grunnskólunum á Íslandi á lágu plani, kennsluaðferðir einhæfar og námsbókastýrðar og kennarinn talaði að mestu íslensku í tímum. Ástandið var betra í framhaldsskólunum að mati aðstoðarkennara en sendikennari 2004–2006 benti á að greinilegt væri að það vantaði sjálfstæði og frumkvæði í nám kennaranema í dönsku og það væri eitthvað sem vinna þyrfti mikið með. Allir dönskukennaranemar fá einu sinni á námstíma sínum að fara í námsferð til Danmerkur. Það hefur gefið góða raun og er mikils metið.

Far- og aðstoðarkennarar sögðu almennt að samstarf við móttökukennara hefði yfirleitt verið ánægjulegt en þeir hefðu töluvert orðið varir við óöryggi hjá þeim varðandi samstarfið, þeir vissu ekki alltaf hver tilgangurinn væri með því. Mestan árangur af samstarfinu töldu far- og aðstoðarkennarar vera á notkun nýrra kennsluaðferða hjá móttökukennurum, auknum áhuga á dönsku hjá nemendum og aukinn færni nemenda í að tala dönsku.

Grunnsjónarmið með ráðningu far- og aðstoðarkennara er að allir skólar, stórir sem smáir, hafi sama rétt og að far- og aðstoðarkennararnir fari sem víðast. Það kom fram að skortur væri á upplýsingum á markmiðum verkefnisins til skólanna og kennaranna, upplýsingar færu til sveitarfélaga en skiluðu sér ekki áfram alla leið. Þau sveitarfélög sem fengu far- og aðstoðarkennara skólaárið 2005–2006 virtust ekki þekkja mikið til samstarfsverkefnisins nema ef þau hefðu fengið farkennara til sín áður. Þau lýstu þó ánægju sinni með verkefnið og álitu það gefa góða raun þó árangur hefði ekki verið metinn nema huglægt af þeirra hálfu. Þeir óskuðu eftir nánari kynningu á verkefninu.

Mikil eftirspurn er meðal kennara um endurmenntunarnámskeið á vegum verkefnisins en tiltölulega fáar og margar ófullnægjandi umsóknir eru um styrki til námsefnisgerðar og rannsóknarvinnu.

Formenn Félags dönskukennara telja samstarfsverkefnið í heild sinni ekki nógu vel kynnt meðal félagsmanna sinna, síst styrkjahlutinn, og kallar eftir samstarfi við nefndina og markvissrar kynningar á verkefninu.

5 Umræður

Meginmarkmið úttektarinnar er að meta stöðu og árangur af samstarfsverkefni Dana og Íslendinga frá 2003–2006. Spurningin sem höfð var að leiðarljósi var: *Hver er staða samstarfsverkefnis Dana og Íslendinga um stuðning við dönskukennslu á Íslandi og hvaða árangri hefur verkefnið skilað?*

Í meginatriðum benda niðurstöður til að vel hafi verið staðið að mörgum þáttum samstarfsverkefnisins. Almennt má segja að ánægja ríki með heimsóknir far- og aðstoðarkennara í skólana sem styrkingu við dönskunám nemenda. Af niðurstöðum má ráða að störf far- og aðstoðarkennara skili nemendum að einhverju leyti aukinni færni í munnlegri dönsku en hafi síður haft áhrif á færni móttökukennaranna sjálfra eða kennsluhætti þeirra. Ef marka má þær upplýsingar sem fram koma í niðurstöðum frá far-, aðstoðar- og sendikennurum um að kennsluhættir í íslenskum grunnskólum séu einhæfir og gamaldags, að dönskukennarar í íslenskum grunnskólum tali sjaldan dönsku í dönskutímum og að nemendur í dönskukennaranámi séu ósjálfstæðir í vinnubrögðum má ætla að samstarfsverkefnið sé gríðarlega mikilvægt fyrir dönskukennslu í landinu. Með því er veittur verulegur stuðningur til endurmenntunar dönskukennara og það skapar tækifæri til öflugs þróunar- og umbótastarfs í grunn- og framhaldsskólum landsins í dönskukennslu.

Það er skoðun skýrsluhöfunda að með breyttum áherslum í verkefninu megi ná enn betri árangri í þágu dönskukennslu í íslensku skólastarfi. Einn megingalli samstarfsverkefnisins virðist sá að ekki liggur fyrir nógu skýr hugmyndafræði því til grundvallar. Skýr markmið koma ekki fram í samningi þjóðanna eða viðmið um árangur, en þess í stað eru tilgreindir aðgerðabættir sem stutt geta við dönskukennslu í íslenskum skólum og styrkt kennsluna. Upplýsingar frá farkennurum benda til að áherslu þurfi að leggja á umbætur í kennsluaðferðum og starfsháttum íslenskra dönskukennara jafnt því að auka færni þeirra í notkun tungumálsins. Það eru mikilsverðar upplýsingar sem samstarfsnefndin þarf að beina sjónum að. Vera kann að mestur stuðningur við dönskukennslu í íslenskum skólum felist í breyttum vinnubrögðum kennara.

Samningur um stuðning við dönskukennslu felur í sér að um langtímaverkefni er að ræða. Í ljósi þess að skólaþróun er kerfisbundið langtíma ferli getur verið ástæða til að

grundvallar stuðningur við dönskukennslu í íslenskum skólum á hugmyndafræðum skólaþróunar. Hopkins o.fl.¹ segja að skólaþróun felist í skipulögðum og varanlegum breytingum á vinnubrögðum og innri skilyrðum skóla. Hún hefur tvö meginmarkmið, árangursríkara nám og styrkingu innviða skólans og þar með varanlega hæfni hans til að takast á við breytingar. Hún felur í sér nám á vettvangi skólans og er varanleg breyting á menningu hans. Hver skóli er ábyrgur fyrir þeim breytingum sem hann kysir að gera á starfsháttum sínum og utanaðkomandi breytingaviðleitni verður að taka mið af því. Í þessu ljósi virðist þörf á að skerpa á markmiðum samstarfsverkefnisins og samhæfa alla þætti þess svo þeim verði náð.

5.1 Störf samstarfsnefndarinnar

Í núverandi samstarfssamningi um stuðningur við dönskukennslu á Íslandi er kveðið á um að líta beri á það sem framhald dansk-íslenska verkefnisins um stuðningur við dönskukennslu og miðlunar danskrar menningar. Ákvæði um forgangsverkefni landanna eru endurnýjuð og kveðið á um skipan samstarfsnefndar. Í samningnum er hlutverk samstarfsnefndar vítt skilgreint en í meginatriðum felst hlutverk hennar í því að setja reglur um framkvæmd verkefnisins og hafa eftirlit með því.

Almennt virðast störf samstarfsnefndarinnar og samvinna einstaklinga innan hennar hafa gengið vel. Þó virðist ástæða til að skerpa á ákveðnum atriðum sem niðurstöður gefa til kynna að séu óþarflega óljós. Festa þarf betur í sessi hvernig verkefninu er stýrt t.d. með því að tilgreina nánar en gert er í gildandi samningi skipan samstarfsnefndar, hlutverk hennar og hver verkaskipting skuli vera milli nefndarmanna. Þó að fulltrúar í samstarfsnefnd telji samvinnuna í nefndinni hafa gengið vel og verkefnaskipting þeirra í milli hafi þróast með tímanum má heyra óánægjuraddir með þessa óánákvæmni. Ekkert ákvæði er í samningi landanna um fjölda fulltrúa í samstarfsnefndinni, einungis er kveðið á um að nefndin skuli skipuð fulltrúum frá dönskum og íslenskum stjórnvöldum. Mismunandi skilningur virðist meðal fulltrúa í samstarfsnefndinni hver eiginlegur fjöldi fulltrúa er, einkum með tilliti til þess hvort ritari nefndarinnar sitji þar með fullt umboð eða hvort líta beri á hann sem starfsmann

¹ Hopkins, D., M. Ainscow og M. West. (1994). *School improvement in an era of change*. London, Cassell.

nefndarinnar án atkvæðisréttar. Hins vegar tekur hann þátt í öllum ákvörðunum án þess að athugasemdir hafi verið gerðar þar við. Þess ber að geta að auk starfa við sendiráð Dana starfar viðkomandi aðili sem lektor við KHÍ og annast sem slíkur umsjón með framkvæmd samkomulags menntamálaráðuneytis og KHÍ frá 18. maí 2004. Á þann hátt vinnur hann að verkefninu úr ólíkum áttum sem hlýtur að setja nefndina í erfiða stöðu gagnvart framkvæmdar- og eftirlitshlutverki sínu. Athygli vekur að í samkomulagi menntamálaráðuneytisins íslenska og KHÍ eru engin ákvæði þess efnis að KHÍ standi nefndinni skil á hvernig til hefur tekist um framkvæmd þeirra verkþátta sem háskólinn hefur tekið að sér. Það að engin slík ákvæði eru í samningnum hlýtur að gera samstarfsnefndinni örðugra um vik að fylgjast með og leggja mat á með hvaða hætti KHÍ annast hlutverk sitt.

Í niðurstöðum kemur fram að fulltrúar Félags dönskukennara láta í ljós áhyggjur af því að verkefnið sé ekki nógu vel kynnt meðal íslenskra kennara, þeim sé ekki ljóst að þeir geti sótt þjónustu farkennara eða í hverju þjónusta þeirra sé fólgin. Sterkar raddir heyrðust meðal viðmælenda um að það þyrfti að kynna forgangsverkefnið betur eða á annan hátt. Af hálfu samstarfsnefndar hefur verið reynt að bæta úr með gerð kynningarbæklings sem dreift hefur verið í skóla og berast átti til dönskukennara. Það má hins vegar velta því fyrir sér hvort slík kynning nái augum kennara í öllu því auglýsingaflóði sem fyrir augu ber. Fram kom hjá fulltrúum Félags dönskukennara að þeir töldu félagsmenn sína mjög lítið upplýsta um samstarfsverkefnið og sögðu félagið einungis sækja til þess styrk til endurmenntunarnámskeiða annað hvert ár. Þeir benda á kjörinn farveg fyrir markvissu upplýsingastreymi út í skólana með því að koma á samstarfi við félagið. Það mætti nýta sér kaffihúsafundi félagsins og auglýsa og segja frá starfinu og skipulaginu í fréttablaði þess. Þetta hljómar mjög raunhæft og kemur á óvart að ekki skuli vera til staðar samstarf milli þessara hópa nú þegar. Umhugsunarvert er, ef satt reynist, að dönskukennarar séu lítið upplýstir um samstarfsverkefnið. Velta má fyrir sér ábyrgð félagsins sjálfs á frumkvæði að samstarfi við samstarfsnefnd og kynningu á samstarfsverkefninu til félagsmanna. Fáar námsgreinar ef nokkur hefur jafn mikið fé til þróunar starfs og danskan hefur til umráða vegna verkefnisins. Því væri tæpast óeðlilegt að ætla Félagi dönskukennara að hafa nokkurt frumkvæði að því að hvetja félagsmenn sína til að nýta tækifærin sem best sem í samstarfsverkefni felast. Skýrsluhöfundar taka undir að

samskipti samstarfsnefndar og Félags dönskukennara þyrftu að vera meiri. Á þann hátt skapast auknir möguleikar á beinum samskiptum við dönskukennara vítt og breitt um landið. Ástæða væri til að ígrunda hvort ekki væri rétt að Félagi dönskukennara væri boðið að tilnefna fulltrúa sinn í samstarfsnefnd með fullri þátttöku.

5.2 Starf far- og aðstoðarkennara

Í niðurstöðum kemur fram það álit bæði far- og aðstoðarkennara og móttökukennara að starf þeirra í íslenskum grunnskólum hafi að einhverju marki skilað nemendum aukinni færni í að tjá sig á dönsku. Far- og aðstoðarkennarar telja að markmiðum þeim sem sett voru starfinu hafi verið náð. Þeir telja að starf þeirra hafi einkum skilað móttökukennurum aukinni færni í notkun nýrra kennsluáðferða, auknum áhuga nemenda í dönsku og aukinni munnlegri færni nemenda í dönsku. Móttökukennararnir 2005–2006 telja að samstarfið hafi að einhverju marki haft áhrif á almenna færni nemenda í dönsku. Nærfellt helmingur (48%) þeirra telja hins vegar að samstarfið hafi haft frekar lítil eða lítil sem engin áhrif á notkun nýrra kennsluhátta og stangast það á við viðhorf far- og aðstoðarkennaranna. Niðurstöður í könnun KHÍ til íslenskra dönskukennara sem hafa haft danskan kennara á skólaárinu 2004–2005 benda til að þeir séu mun jákvæðari í mati sínu á starfinu en starfsfélagar þeirra ári síðar, því mikill meirihluti þeirra (87%) segir að þeir hafi með samvinnunni fengið hugmyndir sem myndu nýtast þeim í dönskukennslu í framtíðinni. Sú niðurstaða er í samræmi við afstöðu kennara í Reykjavík sem höfðu farkennara veturinn 2004–2005 en þeir telja sig hafa fengið margar góðar hugmyndir til að nýta í kennslu sinni framvegis. Móttökukennurum finnst þeir yfirleitt ekki hafa lært mjög mikið í dönsku sjálfir við að hafa kennarana hjá sér þó þeim hafi fundist gott að fá að tala dönsku samfellt í svo langan tíma. Með þessar niðurstöður í huga mætti e.t.v. hugsa sér að bæta því inn í hlutverk farkennara eins og það er skilgreint í samstarfsamningi að þeir kynntu kennurum nýjar aðferðir við tungumálakennsluna samhliða munnlegri þjálfun nemenda og kennara.

Raddir nemenda hafa lítið fengið að heyrast í skýrslum og annarri umfjöllun hinna mismunandi aðila um samstarfsverkefnið, þó komið hafi fram það mat farkennara að nemendur hafi yfirleitt sýnt dönskunáminu aukinn áhuga með komu far- og

aðstoðarkennara og móttökukennarar 2005–2006 sögðust sumir hafa spurt nemendur hvaða árangri koma farkennaranna hefði skilað þeim í dönskunáminu. Það er aðeins í skýrslu Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur sem kemur fram að nemendur almennt hafi markvisst verið spurðir álits á verkefninu. Afstaða þeirra til þess er sú að þeim finnst verkefnið hafa haft hvetjandi og örvandi áhrif á þá og stór hluti nemenda telur sig hafa náð framförum í tungumálinu vegna komu far- eða aðstoðarkennarans og þáttar hans í skólastarfinu.

Upplýsingar um árangur starfsins benda til að skerpa þurfi áherslur á þróunar- og umbótastarf verkefnisins. Í því ljósi má velta því fyrir sér hvort ekki sé eðlilegt að skilgreina hlutverk far- og aðstoðarkennara sem ráðgjafastarf við þróunar- og umbótastarf í dönskukennslu í íslenskum skólum. Michal Fullan² segir að í öllum verkefnum sem eiga að bæta aðstæður og árangur nemenda og kennara þurfi að skapa markvissa orðræðu um kennslu og nám og vinna markvisst að því að auka færni kennara jafnt sem nemenda. Ástæða er til að hafa þessi brýningarorð Fullan í huga við endurskoðun á samstarfssamningi Dana og Íslendinga um stuðning við dönskukennslu nú þegar gildandi samningur er að renna út. Ætla má að ólíkar væntingar íslenskra og danskra kennara sé skýringin á þeirri megingagnrýni sem far- og aðstoðarkennarar hafa á fyrirkomulag starfs þeirra. Þeir álíta að undirbúa þurfi betur komu þeirra í skólana og skipuleggja vinnu þeirra með góðum fyrirvara. Þeir kvarta undan því að móttökukennararnir viti ekki hver markmiðin með samstarfi þeirra eru og haldi jafnvel að þeir séu afleysingakennarar. Þessu til stuðnings er bein tilvitnun úr spurningalista frá móttökukennara 2005–2006 sem segir:

Gott væri að fá fund nokkru áður en sendikennarinn kæmi og ræða hver tilgangurinn væri og hvert hlutverk kennarans ætti að vera í samstarfinu. Mér finnst ekki nógu skýrt hvað við eigum að græða á samstarfinu. Ég hef haft sendikennara tvisvar og verið mjög ánægð með samvinnuna við þá. Þær voru þó mjög ólíkar í öllum vinnubrögðum. Eftir veru fyrri kennarans var eftir hjá okkur þykk mappa af verkefnum, en seinni kennarinn byggði alfarið á samtölum og við höfum lítið handbært eftir (það var samt fínt hjá henni). Ég tel að nauðsynlegt sé að funda með umsjónarmanni og öllum kennurunum svo þetta starf verði markvissara. Mér finnst frábært að fá svona sendikennara og vona að það haldi áfram.

Sem dæmi úr spurningalista um móttökukennara 2005–2006 sem ekki þekkir til meginmarkiðs samstarfsverkefnisins eru:

² Fullan, M. (2001). *The new meaning of educational change*. Þriðja útgáfa. New York, Teachers College, Columbia University

...að danski kennarinn væri ekki svona upptekinn af því að hafa íslenska kennarann alltaf inni hjá sér. Þá væri hægt að skipta nemendum á milli kennara og nýta tímann betur.

Þar sem ég er kennari á 1. ári í kennslu nýttist þetta mér nánast ekkert. Hefði viljað að hún kenndi og ég fengi að vera áhorfandi. Þannig hefði ég lært af henni.

Athyglisvert er að í tveimur ofangreindra tilvitnana kemur fram vilji kennara til að öðlast færni í kennslu á danskri tungu til hagsbóta fyrir nemendur. Kennararnir hafa væntingar um að læra vinnubrögð af farkennara til að geta betur sinnt kennslu sinni en starfið virðist ekki hafa skilað þeim því sem þeir væntu. Þetta kemur heim og saman við það sem fram kemur frá móttökukennurum að þriðjungur þeirra er svöruðu spurningalista töldu sig hafa fengið seint upplýsingar um komu far- eða aðstoðarkennarans eða bara skömmu áður en hann kom. Það gefur til kynna að ekki hafi tekist að setja starfið í nauðsynlegt samhengi innan skólans. Þetta þarf að bæta og undirstrika að móttökukennarinn sé með einhverjum hætti þátttakandi í þeirri ákvörðun að fá far- eða aðstoðarkennara á vegum samstarfsverkefnisins til sín á sínum forsendum og í því samhengi sem starf hans er í innan skólans. Hér er skuldbindingin lykilatriðið en mikilvægt er að skapa innri skilyrði fyrir því að breyta starfsháttum og festa þær breytingar í sessi. Skuldbindingin lýtur að því að vinna að umbótum á dönskukennslunni innan skólans með það að markmiði að skila nemendum meiri færni.

Að mati fulltrúa samstarfsnefndar er aðkoma sveitarfélaga veiki hlekkurinn í verkefninu. Í ljósi skólaþróunarfræða er skólastjóri viðkomandi skóla í lykilhlutverki til að koma hinni mikilvægu skuldbindingu á og því vekur athygli hversu skólastjórum og forystuhlutverki þeirra í þróunarstarfi í skólum er lítill gaumur gefinn í samstarfsverkefninu. Fram kemur í niðurstöðum frá far- og aðstoðarkennurum að sumir þeirra höfðu varla hitt skólastjórnendur meðan aðrir upplifðu mikinn áhuga og virkni þeirra. Það má telja það galla á þessari úttekt að ekki var leitað álits skólastjóra á árangri af starfi far- og aðstoðarkennara í þeirra skólum. Dæmi um það hvernig gengið er fram hjá skólastjórum í samstarfsverkefninu er að í samkomulagi menntamálaráðuneytisins íslenska og KHÍ er tilgreint að umsjón með dvöl farkennara sé m.a. fólgin í tengslum við sveitarfélög vegna starfa farkennara. Útfærsla KHÍ á þessu ákvæði virðist vera í því fólgin að þegar sveitarfélögin eru búin að ákveða að taka við farkennara er gerður samningur við þau og hefur KHÍ nýlega útbúið gátlista um hvernig standa ber að móttöku farkennarans sveitarfélögum til hægðarauka. Ástæða gæti verið til að gera slíka samninga beint við

viðkomandi skóla enda sífellt sterkari krafa frá skólum og jafnvel sveitarfélögunum sjálfum um aukið sjálfstæði skóla og faglega ábyrgð þeirra. Í sjálfu sér er ágætt að hafa góð samskipti við sveitarfélög og kynna þeim sem best innihald samstarfsverkefnisins en hafa ber í huga að stuðningurinn er tilboð en ekki fyriræli af hálfu stjórnvalda. Í því ljósi er ekki óeðlilegt að skólum berist tilboð um þátttöku beint frá umsýsluaðila verkefnisins þar sem fram koma upplýsingar hvað það felur í sér. Þess má einnig vænta að verkefnum sem þrýst er í skólana „að ofan“ skili ekki sama árangri og þau sem spröttin eru upp af innri þörf. Því er mikilvægt að skólarnir öðlist eignarhald á verkefnum. Á þann hátt yrði verkefnið hluti af þróunarverkefnum skólans sem jafnframt gæti endurspeglast í endurmenntunaráætlun hans og þannig heildstæðar tekið á umbótum á dönskukennslu í skólanum.

Aðstaða aðstoðarkennara er nokkuð önnur en farkennara í samskiptum við móttökukennara. Framhaldsskólarnir eru færri og almennt fjölmennir þannig að móttökukennarar eru í flestum tilfellum með dönskukennslu sem stærsta viðfangsefni sitt í stundaskrá og í flestum tilfellum með meiri menntun í tungumálinu en kennarar í grunnskólum.

Mjög skiptar skoðanir voru á því hversu lengi far- og aðstoðarkennarar ættu að vera á hverjum stað. Af hálfu samningsins er gert ráð fyrir 4–6 vikum en að taka þurfi mið af aðstæðum. Sumum þótti þetta hæfilega langt en öðrum of stutt og vissulega hlýtur að vera mismunandi eftir stærð skólanna hversu lengi kennarinn á að vera. Vætanlega er ekki hægt að setja neinn fastan tíma sem passar öllum heldur þarf að taka mið af aðstæðum. Ef um skólaþróunarverkefni er að ræða má ætla að verkefnið geti teygst yfir lengri tíma og unnið á annan hátt þar sem far- og aðstoðarkennarar kæmu inn sem ráðgjafar.

5.3 Starf sendikennara

Eitt af viðfangsefnum samstarfsverkefnis Dana og Íslendinga er að styðja við menntun kennaranema í dönsku. Ráðinn er lektor eða annar sendikennari á hverju skólaári til starfa við KHÍ. Í samstarfssamningnum er áhersla lögð á aðild hans að þjálfun hins talaða máls en hann hefur það hlutverk fyrst og fremst að sjá um dönskumálver skólans. Þá er

lektorinum einnig ætlað að vinna í samstarfi við aðra að skipulagningu og framkvæmd námskeiðahalds fyrir dönskukennara á grunn- og framhaldsskólastigi.

Það má ljóst vera að það tekur ákveðinn tíma fyrir sendikennara sem kemur frá Danmörku að setja sig inn í aðstæður á nýjum vinnustað og í nýtt starf. Sendikennarar segja að fyrsta misserið fari í að átta sig á þessum aðstæðum og læra á umhverfið. Því má ætla að eins árs ráðningartímabil sé of stuttur tími, starfsmaðurinn nýtist ekki sem skyldi. Það hefur því verið lán samstarfsverkefnisins að tveir síðustu sendikennararnir voru tvö ár í senn og ástæða væri til að huga að því að festa ráðningartíma sendikennara í tvö ár.

Megin gagnrýni sendikennara á starfsaðstæður sínar var að námskeiðslýsingar og námskrá í KHÍ voru ekki aðgengilegar á þeirra móðurmáli og þá töldu þeir að tungumálið hafi valdið ákveðinni einangrun gagnvart samskiptum við annað starfsfólk innan skólans. Starfsumhverfi sendikennara er býsna fjölbreytt og kemur það fram í skýrslum þeirra. Hlutverk þeirra snérist um að annast kennslu nema í KHÍ en nemarnir voru ekki allir á einum stað. Stór hluti þeirra var í fjarkennslu og skipuleggja þurfti sem best fjarnám þeirra og hvernig talþjálfun þeirra væri sem best sinnt. Auk þessa er hlutverk sendikennara að skipuleggja kennaranámskeið fyrir starfandi dönskukennara í íslenskum skólum og unnu þeir það starf í samvinnu við far- og aðstoðarkennara.

Þegar meta á áhrif samstarfsverkefnisins á nám kennaraefna í dönsku kemur í ljós að það er ekki svo auðvelt að aðgreina það frá því starfi sem þegar er unnið af hálfu KHÍ að þessu leyti. Það má hins vegar vænta þess að auknar bjargir til þess starfs sem fram fer í menntun kennaraefna skili meira starfi og meiri árangri en ella. Sendikennarar leituðu leiða til að skapa tengsl við kennaranema til samræðu m.a. með tölvusamskiptum, heimboðum og skoðun danskra kvikmynda og annars sem áhuga gat vakið, möguleikar sem e.t.v. ekki voru á færi kennara sem fyrir voru að bæta á sig. Þá kemur einnig fram hjá sendikennurum að þeim hafi fundist það mikill kostur í kennslunni í KHÍ þegar þeir unnu saman að kennslunni ásamt föstum lektor skólans. Til framtíðar litið kallaði þó slíkt tveggja kennara kerfi á skýrara skipulag svo tími nýtist sem best og þörfum kennaranemanna væri sem best mætt. Annað atriði sem einnig veldur vanda við að leggja mat á áhrif samstarfsverkefnisins á kennaramenntunina er að þeir kennaranemar sem kjósa að taka dönsku sem valgrein í námi sínu hafa að sögn sendikennara gjarnan einhver

tengsl við Danmörku og þar af leiðandi hafa þeir tungumálið að einhverju leyti á valdi sínu.

Í niðurstöðum kemur fram að nemar eru ánægðir með starfsemi málvers í KHÍ og starf sendikennara. Áhersla er lögð á mikilvægi námsferða til Danmerkur þar sem kennaranemum gefst tækifæri til að öðlast meiri þjálfun í talaðri dönsku og jafnframt að kynnast nánar danskri menningu og samfélagi. Mikilvægt er að halda áfram tilboði um námsferðirnar.

5.4 Styrkir

Af niðurstöðum má ráða að fulltrúar í samstarfsnefnd hafa nokkrar áhyggjur af fáum umsóknum um auglýsta styrki til námsefnisgerðar og rannsóknarstarfs og dæmi eru um að það fé sem ætlað er til þessara hluta gangi ekki út og að margar umsóknir séu ófullnægjandi. Fulltrúar samstarfsnefndarinnar sem sinna þessum þætti verkefnisins segja mikilvægt að styrkirnir séu veittir í eitthvað sem ekki hefði annars verið gert, þeir væru öllum aðgengilegir og ættu að nýtast sem flestum. Í framhaldi af þessu má velta fyrir sér hvort ekki þyrfti að leggja meiri áherslu á styrkveitingar til endurmenntunar dönskukennara fremur en til námsefnisgerðar.

Fast kerfi virðist hafa mótast á umsýslu styrkja til endurmenntunar og virðast dönskukennarar eða skólar ekki nýta sér til fullnustu þau tækifæri til endurmenntunar sem fyrir hendi eru á vegum samstarfsverkefnisins með styrkveitingum og starfi far- og aðstoðarkennurum. Sem framkvæmdaraðili verkefnisins stendur KHÍ og far- og sendikennarar fyrir dagsnámskeiðum dönskukennara á Íslandi. Þá hefur Símenntunarstofnun KHÍ fengið styrk annað hvert ár fyrir námskeið sem grunnskólakennarar geta sótt um og Félag dönskukennara annað hvert ár fyrir framhaldsskólakennara. Stofnanirnar hvor um sig bera ábyrgð á að skipuleggja námskeiðin. Það vekur nokkra athygli að endurmenntunin fyrir grunn- og framhaldsskólakennara skuli ekki vera á hendi sama aðila í báðum tilvikum.

Mikið ójafnvægi er á fjölda grunnskólakennara og framhaldsskólakennara í landinu en þeir fyrrnefndu eru umtalsvert fleiri. Yfirleitt virðast allir framhaldsskólakennarar sem þess óska komast á námskeið en verulega erfitt virðist fyrir grunnskóla-

kennara að komast að sökum fjölda sem sækir um að taka þátt á þeim námskeiðum sem haldin eru fyrir þá. Ef þeir hafa einu sinni tekið þátt í námskeiði virðast ekki miklar líkur á að þeir komist að aftur. Mikil þörf er á endur- og símenntun dönskukennara í grunn-skólum, bæði í að efla munnlega færni í tungumálinu en einnig í notkun fjölbreyttra kennsluhátta í dönskukennslu enda menntun þeirra í tungumálinu alla jafna minni en framhaldsskólakennara. Mörg dæmi eru um að kennarar hafi óviljugir tekið að sér þetta hlutverk, talið sig ekki nægilega vel undir slíka kennslu búna og því þarf að bæta úr með öllum ráðum.

Eitt af hlutverkum farkennara í starfi sínu á Íslandi er að halda námskeið fyrir kennara á því svæði sem þeir eru hverju sinni með samvinnu sendikennara og fastráðnum lektor dönskusviðs KHÍ. Yfirleitt virtust þessi námskeið hafa gengið vel fyrir sig en þau virtust þó hafa svolítið verið látin sitja á hakanum og annað sett í forgang. Í einu tilfelli má skilja að allur undirbúningur námskeiðs hafi farið fyrir ofan garð og neðan.

Því má velta fyrir sér hvort í áherslum verkefnisins um endurmenntun dönskukennara í grunn- og framhaldsskólum felist nægilega heildstæð sýn á það viðfangsefni, að vinna að umbótum á dönskukennslu í íslensku skólastarfi. Rósa Eggertsdóttir³ bendir á að rannsóknir sýni að meira þurfi að koma til en hefðbundin endurmenntun ef árangur á að nást í að kennarar breyti kennsluháttum sínum. Það mikilvægasta er beinn stuðningur við kennara þegar þeir spreya sig á vinnubrögðum í kennslustofunni við raunverulegar aðstæður. Hún segir að rannsóknir sýni fram á að 90% kennara breyttu um vinnubrögð í kennslustofunni þegar þeir áttu kost á góðum og samfelldum stuðningi. Rósa segir að endurmenntun sé langt ferli sem lýtur eigin lögmálum en ekki atburður sem geti átt sér stað á stuttu námskeiði.

Hugmyndir um menntun í starfi ganga út á það að mikilvægt sé að endurmenntunarnámskeiðum sé fylgt eftir með ráðgjöf við kennara á vettvangi. Þannig mætti hugsa sér að kennaranámskeið á Schæffergården í Danmörku standi þeim kennurum til boða sem skuldbundið hafa sig til þátttöku í þróunarstarfi á dönskukennslu í sínum skóla. Námskeiðin yrðu skipulögð sem þáttur í því þróunarstarfi sem þeir takast á

³ Rósa Eggertsdóttir. 1999. Frá námskeiði til skólastofu. Rannsókn á endurmenntun kennara og framförum í starfi. *Steinar í Vörðu til heiðurs Þuríði J. Kristjánsdóttur sjötugri* [Ritstj.: Helgi Skúli Kjartansson, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Kristín Indriðadóttir og Ólafur J. Proppé]. Reykjavík, Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands.

hendur og jafnframt yrði þeim fylgt eftir í grunnskólunum með ráðgjöf og stuðningi farkennara og sendikennara en aðstoðarkennara og sendikennara í framhaldsskólunum. Á þann hátt yrði þess freistað að skapa heildstæðari sýn á það viðfangsefni að vinna að umbótum á dönskukennslu í íslenskum skólum.

5.5 Samantekt

Meginniðurstaða þessarar úttektar er að vel hafi verið staðið að mörgum þáttum samstarfsverkefnisins, að verkefnið hafi skilað nokkrum árangri og sé mikilvægt til að bæta stöðu dönskukennslu í landinu. Að mati skýrsluhöfunda þarf þó að athuga nokkur atriði til að verkefnið verði enn skilvirkara.

Störf far- og aðstoðarkennara hafa skilað nemendum að einhverju leyti aukinni færni í munnlegri dönsku og að mati samstarfsnefndar og sendikennara eru dönskukennaranemar ánægðir með vinnu í málveri í KHÍ og námsferðir til Danmerkur. Einnig er mikil eftirspurn eftir endurmenntunarnámskeiðum dönskukennara.

Í samningi þjóðanna fyrir samstarfinu eru tilgreindir aðgerðarþættir sem geta stutt við dönskukennslu en þar eru ekki tilgreind skýr markmið fyrir samstarfinu og að mati skýrsluhöfunda liggur ekki fyrir nógu skýr hugmyndafræði til grundvallar verkefninu.

Til að bæta árangur samstarfsverkefnisins leggja skýrsluhöfundar til að litið verði á verkefnið í ljósi skólaþróunar þar sem um kerfisbundið langtíma ferli er að ræða og áhersla lögð á skipulegar og varanlegar breytingar á innri skilyrðum skóla til dönskukennslu. Þeir telja mikilvægt að virkja skólastjórnendur og kennara þannig að þeir finni til skuldbindingar gagnvart því að þróa dönskukennslu í skólum sínum. Lagt er til að aukin áhersla verði lögð á endurmenntu dönskukennra. Jafnframt verði áhersla lögð á að hlutverk far-, aðstoðar-, og sendikennara verði í ríkara mæli ráðgjafastarf í skólum landsins og þeir fylgi endurmenntunarnámskeiðunum eftir á þann hátt hjá þeim kennurum sem námskeiðin sækja.

Að lokum telja skýrsluhöfundar ástæðu til að breyta starfsháttum samstarfsnefndar á þann hátt að fulltrúar í nefndinni sitji ekki beggja vegna borðs, þ.e. annist bæði framkvæmd, eftirlit og mat á þáttum verkefnisins.

6 Fylgiskjöl

- Fylgiskjal 1 Bréf til far-og aðstoðarkennara á dönsku
- Fylgiskjal 2 Spurningalistar til far- og aðstoðarkennara á dönsku
- Fylgiskjal 3 Bréf til íslenskra dönskukennara
- Fylgiskjal 4 Spurningalisti til íslenskra dönskukennara
- Fylgiskjal 5 Samstarfsnefndin
- Fylgiskjal 6 Farkennarar
- Fylgiskjal 7 Sendikennara
- Fylgiskjal 8 Sveitarfélögin
- Fylgiskjal 9 Félag dönskukennara

| |
|--------------|
| Fylgiskjal 1 |
|--------------|

Akureyri 12. maj 2006

Kære dansklærer

Følgende spørgeskema er sendt til alle danske rejselærere og sprogassistenter der har deltaget i det dansk-islandske samarbejdsprojekt om særlig støtte til danskundervisningen i Island i perioden 2003-2006.

Institut for skoleudvikling ved Universitetet i Akureyri har fået den opgave fra de danske og islandske undervisningsministerier at evaluere hvordan det er lykkedes at implementere samarbejdsprojektet og påvirkningen af det i undervisningen i grundskolen og ungdomsuddannelserne samt på liniefaget dansk ved læreruddannelsen.

Det er vigtigt at få gode oplysninger fra dem der har deltaget i projektet på Island. Din deltagelse er en vigtig del af evalueringen og derfor bedes du venligst printe følgende spørgeskema ud, svare på det og returnere det inden den 31 maj.

**Institut for skoleudvikling
c/o Trausti Thorsteinsson**

Universitetet i Akureyri

Thingvallastræti 23

600 Akureyri

Alle nærmere oplysninger giver Trausti Thorsteinsson (forstander for instituttet) via e-mail.

Med venlig hilsen

Trausti Þorsteinsson

Spørgeskema til rejselærere og sprogassistenter i dansk-islandsk samarbejdsprojekt.

Efterfølgende spørgeskema er udsendt til alle rejselærere og sprogassistenter som har deltaget i dansk-islandsk samarbejdsprojekt i perioden 2003–2006

1. Hvad synes/synes du om at være rejselærer eller sprogassistent i Island?

- Meget godt
- Ret godt
- Hverken godt eller dårligt
- Ret dårligt
- Meget dårligt

Hvorfor?

2. Hvor godt eller dårligt var du forberedt for opholdet i Island?

- Meget godt
- Ret godt
- Hverken godt eller dårligt
- Ret dårligt
- Meget dårligt

3. Hvor vejledende var/er din arbejdsbeskrivelse for arbejdet i Island?

- Meget vejledende
- Ret vejledende
- Hverken det ene eller det andet
- Ikke særlig vejledende
- Slet ikke vejledende

4. Hvor tydelige eller utydelige var/er beskrivelserne af dit samarbejde med den udsendte lektor på KHÍ (Det islandske pædagogiske universitet)?

- Meget tydelige
- Ret tydelige
- Hverken det ene eller det andet
- Ikke tydelige
- Utydelige

5. Hvor tydelige eller utydelige var beskrivelserne af samarbejdet med de islandske lærere?

- Meget tydelige
- Ret tydelige
- Hverken tydelige eller utydelige
- Ret utydelige
- Meget utydelige

6. Hvor målrettet var dit samarbejde med den udsendte lektor?

- Meget målrettet
- Ret målrettet
- Hverken det ene eller det andet
- Ikke særlig målrettet
- Slet ikke målrettet

Hvorfor?

7. Hvor målrettet var dit samarbejde med de islandske dansklærere?

- Meget målrettet
- Ret målrettet
- Hverken det ene eller det andet
- Ikke særlig målrettet
- Slet ikke målrettet

8. Hvor godt eller dårligt gik samarbejdet med de islandske dansklærere?

- Meget godt
- Ret godt
- Hverken godt eller dårligt
- Ret dårligt
- Meget dårligt

Hvorfor?

9. Hvor godt eller dårligt gik/går kommunikationen med skolekontoret eller skolelederne?

- Meget godt
- Ret godt
- Hverken godt eller dårligt
- Ret dårligt
- Meget dårligt

Hvorfor?

10. Hvor god eller dårlig var modtagelsen hos skolekontoret/skolelederen?

- Meget god
- Ret god
- Hverken god eller dårlig
- Ret dårlig
- Meget dårlig

11. I hvilke af følgende dele af danskundervisningen mener du at dit arbejde har givet bedst resultat? (Sæt to kryds).

- Elevernes mundtlige færdigheder
- Elevernes danske ordforråd
- Elevernes færdigheder i dansk grammatik
- Brug af nye metoder i danskundervisningen
- Elevernes større interesse for dansk
- Udarbejdning af nye undervisningsmaterialer i danskundervisningen

12. Hvor meget eller lidt mener du at de islandske dansklæreres kundskaber i sproget er vokset på grund af jeres samarbejde?

- Ganske meget
- Ret meget
- Noget
- Kun lidt
- Ganske lidt

13. Hvor meget eller lidt deltog du i at forberede efteruddannelseskurser for de islandske dansklærere i samarbejde med den udsendte lektor?

- Ganske meget
- Ret meget
- Noget
- Kun lidt
- Ganske lidt

14. Hvor godt eller dårligt lykkedes det at nå de mål der blev sat for arbejdet?

- Meget godt
- Ret godt
- Hverken godt eller dårligt
- Ret dårligt
- Meget dårligt

15. Har du ideer om hvordan man kunne have planlagt projektet på en anden måde for at opnå et bedre resultat?

Mange tak for deltagelsen.

Fylgiskjal 3

Akureyri 17. maí 2006

Ágæti kennari

Meðfylgjandi spurningalisti er sendur til þeirra kennara sem hafa starfað með dönskum far- og aðstoðarkennurum skólaárið 2005–2006 á vegum samstarfsverkefnis menntamálaráðuneyta Íslands og Danmerkur um sérstakan stuðning við dönskukennslu á Íslandi.

Menntamálaráðuneyti Íslands hefur falið skólaþróunarsviði kennaradeildar Háskólans á Akureyri að gera úttekt á framkvæmd samstarfsverkefnisins. Markmið úttektarinnar er að kanna hvernig til hefur tekist með framkvæmd fyrrgreinds verkefnis og hver áhrif þess hafa verið á nám og kennslu í dönsku á grunn- og framhaldsskólastigi svo og á kennaramenntun í dönsku.

Það er mikilvægt að fá góðar upplýsingar frá þeim sem hafa unnið að samstarfsverkefninu í grunn- og framhaldsskólum með dönsku kennurunum. Þátttaka þín er því mikilvægur liður í gagnaöflun úttektarinnar og við biðjum þig vinsamlegast að taka þátt í henni með því að svara spurningalistanum og senda hann til baka í meðfylgjandi umslagi fyrir **31. maí** nk.

Spurningalistinn er nafnlaus og því er ekki hægt að rekja svör til einstaklinga.

Allar nánari upplýsingar veitir Birna Svanbjörnsdóttir, sérfræðingur hjá skólaþróunarsviði kennaradeildar Háskólans á Akureyri í síma 460 8568 eða netfangi birnas@unak.is.

Virðingarfyllst.

Birna Svanbjörnsdóttir

Spurningar til íslenskra dönskukennara

Eftirfarandi spurningalisti er sendur til allra kennara í grunn- og framhaldsskólum sem hafa haft eða hafa nú danskan far- eða aðstoðarkennara hjá sér á skólaárinu 2005-2006. Um er að ræða far- og aðstoðarkennara sem starfað hafa eða starfa núna á Íslandi á vegum samstarfsverkefnis Dana og Íslendinga um stuðning við dönskukennslu á Íslandi. Sum ykkar hafa hugsanlega einnig sótt endurmenntunarnámskeið á vegum samstarfsverkefnisins.

1. Hvernig líkaði þér að fá til þín danskan kennara?

- Mjög vel
- Frekar vel
- Sæmilega
- Frekar illa
- Illa

2. Hversu skýr eða óskýr voru markmiðin með samstarfi þínu við danska kennarann?

- Mjög skýr
- Frekar skýr
- Sæmilega skýr
- Frekar óskýr
- Óskýr

3. Hversu snemma eða seint fékkstu upplýsingar um komu danska kennarans til að geta undirbúið vinnuna með honum?

- Mjög snemma (skólaári fyrr)
- Nógu snemma (í byrjun annar)
- Seint (skömmu áður)

4. Hversu vel eða illa gekk samvinnan við danska kennarann?

- Mjög vel
- Frekar vel
- Sæmilega
- Frekar illa
- Illa

Af hverju?

5. Hversu mikil eða lítil áhrif telur þú að samstarf ykkar hafi haft á færni nemenda í dönsku?

- Mjög mikil
- Frekar mikil
- Aðeins
- Frekar lítil
- Lítil sem engin

6. Hversu mikið eða lítið jókst færni þín í dönsku við að fá danskan kennara til liðs við þig um tíma?

- Mjög mikið
- Frekra mikið
- Aðeins
- Frekar lítið
- Lítið sem ekkert

7. Hversu mikið eða lítið jókst notkun nýrra kennsluaðferða í dönsku með samstarfi þínu við danska kennarann?

- Mjög mikið
- Frekar mikið
- Aðeins
- Frekar lítið
- Lítið sem ekkert

8. Hversu mikið eða lítið tók farkennari þátt í að þróa dönskukennsluna?

- Mjög mikið
- Frekar mikið
- Aðeins
- Frekar lítið
- Lítið sem ekkert

9. Hversu mikil eða lítil áhrif hafði samstarfið við danska kennarann á gerð nýs kennsluefnis í dönsku?

- Mjög mikil
- Frekar mikil
- Aðeins
- Frekar lítil
- Lítil sem engin

10. Hversu mikið eða lítið studdi starf danska kennarans við dönskukennsluna?

- Mjög mikið
- Frekar mikið
- Aðeins
- Frekar lítið
- Lítið sem ekkert

11. Hversu mikið eða lítið jókst munnleg færni nemenda í dönsku með samvinnunni?

- Mjög mikið
- Frekar mikið
- Aðeins
- Frekar lítið
- Lítið sem ekkert

Hvernig var hún metin?

12. Hversu mikill eða lítill ávinningur telur þú að hlotist hafi af samstarfinu við danska kennarann?

- Mjög mikill
- Frekar mikill
- Sæmilegur
- Frekar lítill
- Lítill sem enginn

13. Hefurðu sótt endurmenntunarnámskeið á vegum samstarfsverkefnis Dana og Íslendinga?

- Já
- Nei

Ef þú svaraðir spurningu 13 játandi ertu beðin/nn um að svara eftirfarandi spurningum, annars ekki:

14. Hversu mikið eða lítið var námskeiðið í tengslum við markmið aðalnámskrár í dönsku?

- Mjög mikið
- Frekar mikið
- Aðeins
- Frekar lítið
- Lítið sem ekkert

15. Hversu mikið eða lítið nýttist þér námskeiðið í starfi þínu?

- Mjög mikið
- Frekar mikið
- Aðeins
- Frekar lítið
- Lítið sem ekkert

16. Ertu með hugmyndir um hvernig hefði mátt haga samstarfsverkefninu á annan hátt til aukins árangurs?

Kærar þakkir fyrir þátttökuna

Viðtalsrammi fyrir fulltrúa samstarfsnefndar:

Lasse Reimann, Steen Harbild, Michael Dal, María Gunnlaugsdóttir og Drífa Hjartardóttir.

Hvað varð til þess að þetta verkefni fór af stað? Hvernig þróaðist það svona?

Eru markmið stýrihóps skýr?

Eru skýrar vinnureglur?

Hver setur þær?

Er unnið eftir erindisbréfi?

Er fjármagnið nægilegt?

Hvernig vinnur stýrihópurinn? Skiptið þið með ykkur verkum

Í hverju hefur starf hans einkum falist?

Hefur stýrihópurinn markað sér stefnu eða vinnureglur fyrir ákveðnum verkefnum eða öllu verkefninu?

Verkefnið hefur úthlutað styrkjum,

Hvernig hafa styrkir nýst í dönskukennslu?

Ef illa, af hverju?

Hefur nýtt námsefni skilað sér í kennslu og skólastarf?

Hvernig eru bæjarfélög upplýst um starf far- og aðstoðarkennara?

Hvernig er ákveðið hvert (landshluta-, bæjarfélag, skóla) far- og aðstoðarkennarar fara?

Hafa einhverjar hindranir komið upp?

Hafa bæjarfélög/skólar sýnt verkefninu mikinn áhuga?

Ef ekki; af hverju?

Ef skólaskrifstofur eða sveitarfélög sýna verkefninu mikinn áhuga en ekki skólarnir eða einstakir kennarar, hvaða leið er farin þá?

Ná upplýsingar um að fá far- eða aðstoðarkennara til einstakra skóla og kennara?

Er far- og aðstoðarkennurum fylgt eftir út í sveitarfélögunum? Af hverjum, hlutverk hvers er það?

Hvernig búið er að þeim?

Eru þeir einhvers staðar með fasta aðstöðu sem þeir fara út frá?

Hvernig er með fyrirgreiðslu til sveitarfélaga?

Þurfa einstakir skólar að standa kostnað af aðstoðarkennara?

Heldur þú að haga hefði mátt málum öðruvísi í samstarfsverkefninu til meiri árangurs?

-Áherslubreytingar?

-Fjármagn?

-Hefur verkefnið borið árangur, ef ekki, af hverju?

Hvaða þættir í samstarfinu finnst þér standa upp úr og hvað mætti gera betur eða öðruvísi.

Hvert er þitt viðhorf til samstarfsverkefnisins, hversu mikilvægt er það?

Hvað finnst þér um markmið verkefnisins; eru þau skýr eða óskýr?

Hvaða árangri álitur þú að verkefnið hafi skilað (til nemenda og kennara)?, Hvernig meturðu það?

Viðtalsrammi fyrir farkennara
Anette Johansen og Karen Lisby Roholm

Hvert er þitt viðhorf til samstarfsverkefnisins, hversu mikilvægt er það?
Hvað finnst þér um markmið verkefnisins; eru þau skýr eða óskýr?
Hvaða árangri hefur verkefnið skilað (til nemenda og kennara)?, Hvernig meturðu það?
Hvaða þættir í samstarfinu finnst þér standa upp úr og hvað mætti gera betur eða öðruvísi?

Hvernig hefur samvinna gengið að þínu mati milli þín og sveitarfélaga, skóla og íslenskra kennara?

Hvernig er starfslýsingin á starfi þínu; er hún skýr eða vantar eitthvað í hana?

Hvernig var undirbúningi háttað áður en þú komst til landsins?

Var hann nægilega mikill?

Þekktirðu eitthvað til skólastarfs á Íslandi áður en þú komst hingað?

Þekktir þú til markmiða aðalnámskrár í dönsku á Íslandi?

Hvað koma þér á óvart þegar þú komst hingað?

Var eitthvað erfiðara en þú bjóst við; eða léttara?

Hversu mikil samskipti eiga far- og aðstoðarkennarar við sendikennara?

Hvernig hafa farkennarar skipulagt fræðslufundi fyrir kennara?

Hefur það verið af frumkvæði íslensku kennaranna eða út frá þörfum sem far- og aðstoðarkennarar hafa skynjað.

Hvert hefur innihald þeirra verið?

Í hverju hefur starf far- og aðstoðarkennara einkum falist, hvernig skipulagt og framkvæmt?

Heldur þú að haga hefði mátt málum öðruvísi í samstarfsverkefninu til meiri árangurs?

-Áherslubreytingar?

-Fjármagn?

-Hefur verkefnið borið árangur, ef ekki, af hverju?

Viðtalsrammi fyrir sendikennara, Kim Frstrup Jensen

Hvert er þitt viðhorf til samstarfsverkefnisins, hversu mikilvægt er það?

Hvað finnst þér um markmið verkefnisins; eru þau skýr eða óskýr?

Hvaða árangri hefur verkefnið skilað (til nemenda og kennara)?, Hvernig meturðu það?

Hvaða þættir í samstarfinu finnst þér standa upp úr og hvað mætti gera betur eða öðruvísi?

Í hverju hefur starf sendikennara einkum falist?

Hvaða áhrif hefur samstarfsverkefnið haft á fjölda nemenda í dönskuvali í KHÍ; hefur þeim fjölgað?

Hvert er aðalmarkmiðið með námskeiðum fyrir kennaranema í Danmörku?

Eru þau einingarbær?

Hversu stór hluti nemenda fær að sækja þessi námskeið?

Hvernig er valið hverjir fá að fara?

Hversu mikil samskipti eiga far- og aðstoðarkennarar við sendikennara?

Hvernig er samstarfi þínu við far- og aðstoðarkennara háttað?

Hvernig kemur þú að endurmenntunarnámskeiðum?

Hvernig hafa þau verið skipulögð og kynnt?

Hver eru markmiðin með þeim?

Hafa þau borið árangur?

Hafa þau verið eftirsótt; af hverju?

Hvernig er valið hverjir komast að?

Heldur þú að haga hefði mátt málum öðruvísi í samstarfsverkefninu til meiri árangurs?

-Áherslubreytingar?

-Fjármagn?

-Hefur verkefnið borið árangur, ef ekki, af hverju?

Viðtalsrammi

Fyrir sveitarfélög og skólaskrifstofur

1. Þegar svæðið (þið) hafið fengið farkennara, hvernig hefur það gegnið fyrir sig? Sóttu þið um það og þá hvert eða var ykkur boðið upp á að fá farkennara og þá hvaðan kom það boð?
2. Hvernig hefur þú (skrifstofan) komið að skipulagningu og móttöku farkennara í dönsku?
3. Hvernig hefur samstarfsverkefnið verið kynnt í umdæmi skrifstofunnar?
4. Er verkefnið almennt þekkt úti í skólunum eða á svæðinu finnst þér það þurfa betri kynningar og þá hvernig ætti að standa að þeim?
5. eru verkefnalýsing skýr þannig að þið vitið hvert ykkar verkssvið er (til hvers er ætlast af ykkur)?
6. Er mikill kostnaður fyrir sveitarfélagið af þessu verkefni og í hverju liggur kostnaðurinn?
7. Sýna kennarar eða skólastjórar verkefninu mikinn áhuga.
8. Telur þú að þetta verkefni hafi borið árangur?
9. Finnst þér að það eigi að halda þessu áfram með sama hætti eða leggur þú til einhverjar breytingar á fyrirkomulaginu ef þú telur að eigi að halda áfram.

Viðtalsrammi fyrir formann og fyrrverandi formann
dönskukennarafélagsins Auði Leifsdóttur og Hafðísi Báru
Kristmundsdóttur.

Hvert er þitt viðhorf til samstarfsverkefnisins, hversu mikilvægt er það?
Hvað finnst þér um markmið verkefnisins; eru þau skýr eru þau skýr eða óskýr?
Hvaða árangri hefur verkefnið skilað (til nemenda og kennara)?, Hvernig meturðu það?
Hvaða þættir í samstarfinu finnst þér standa upp úr og hvað mætti gera betur eða öðruvísi?

Hvernig hafa endurmenntunarnámskeiðin verið skipulög og kynnt?
Hvernig hafid þið komið að þeim? Hvernig hafa endurmenntunarnámskeiðin verið skipulög og kynnt?
Hver eru markmiðin með þeim?
Hver kostar þau?
Hafa þau borið árangur?
Hafa þau verið eftirsótt; af hverju?
Hvernig er valið hverjir komast að?

Heldur þú að haga hefði mátt málum öðruvísi í samstarfsverkefninu til meiri árangurs?
-Áherslubreytingar?
-Fjármagn?
-Hefur verkefnið borið árangur, ef ekki, af hverju?